# FRÉTTABLAÐIÐ

127. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 31. MAÍ 2016


# Forskot Guðna afgerandi eftir kappræðurnar

**Guðni Th. Jóhannesson mælist enn með mest fylgi frambjóðenda til forseta, 60,4 prósent myndu kjósa hann. Tapar fimm prósentustigum frá síðustu könnun. Davíð Oddsson er næstur með 18,5 prósent.**

FORSETAKOSNINGAR 2016 „Enn einu sinni segi ég það sama og áður. Ég held mínu striki. Kynni mínar hugmyndir um embætti forseta Íslands og svo er það nú fólkið sem velur forsetann. Eitthvað er ég greinilega að gera rétt,“ segir Guðni Th. Jóhannesson forsetaframbjóðandi um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var í gær.

Rúmlega sextíu prósent þeirra sem afstöðu taka segjast myndu kjósa Guðna Th. Jóhannesson ef kjósa ætti um forseta Íslands í dag. Tæp nítján prósent myndu kjósa Davíð Oddsson og rúm ellefu prósent myndu kjósa Andra Snæ Magnússon. Þá segjast um sex prósent myndu kjósa Höllu Tómasdóttur. Um tvö prósent segjast myndu kjósa Sturlu Jónsson en aðrir eru með minna fylgi.

Þetta er fyrsta skoðanakönnunin sem gerð er eftir sjónvarpskappræður milli forsetaframbjóðenda hófust. Efstu fjórir frambjóðendurnir mættust eftir kvöldfréttir Stöðvar 2 á fimmtudagskvöld. Á sunnudag ræddi svo Björn Ingi Hrafnsson annars vegar við Andra Snæ og Höllu og hins vegar við Davíð og Guðna í sjónvarpsþættinum Eyjunni.

Í seinni hluta þáttarins tókust þeir Davíð og Guðni nokkuð á þar sem Davíð gagnrýndi Guðna fyrir skrif hans og ræður, einkum um Icesave

> **Ég held mínu striki. Kynni mínar hugmyndir um embætti forseta Íslands og svo er það nú fólkið sem velur forsetann.**



Guðni Th. Jóhannesson, forsetaframbjóðandi

og þorskastríðin. Guðni segist ekki hafa velt því fyrir sér hvaða áhrif sjónvarpskappræðurnar myndu hafa á fylgið. „Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af því, ég hugsa bara um það hvernig ég vil haga mínu framboði,“ segir Guðni.

Í könnun sem greint var frá í kvöldfréttum Stöðvar 2 á fimmtudag var Guðni með 65,5 prósenta fylgi en Davíð með 19,7 prósent. Breytingin á fylgi Davíðs er innan vikmarka.

Könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis var gerð mánudagskvöldið 30. maí. Hringt var í 919 manns þar til náðist í 772 og var svarhlutfallið því 84 prósent. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa? Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 62,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. **– jhh, fbj**

### Fylgi fjögurra efstu forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 30. maí 2016.




# Barkaígræðsla sögð siðferðislegt stórslys

**HEILBRIGÐISMÁL** Siðfræðistofnun Háskóla Íslands segir engan vafa leika á að plastbarkamálið svokallaða, þar sem Íslendingar voru bæði leikendur og gerendur, sé eitt alvarlegasta siðferðisslys í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Telur stofnunin mikilvægt að rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar.

„Það er okkar mat að æskilegt sé að koma upp rannsóknarnefnd hér á landi,“ segir Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. „Rannsóknir Svía nægja ekki til að varpa ljósi á íslenska hluta málsins. Slíka rannsókn verðum við að gera sjálf.“



Elín Hirst spurði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hvort honum hugnaðist að setja á laggirnar rannsóknarnefnd vegna málsins. Hann taldi eðlilegt að þingið skoðaði gaumgæfilega að samþykkja ályktun þess efnis. Barkaígræðsla Paolos Macchiarini hefur mætt harðri gagnrýni en íslenskir kollegar hans voru viðriðnir ígræðsluna og meintar falsaðar niðurstöður rannsókna Macchiarinis. Læknarnir Tómas Guðbjartsson og Óskar Einarsson komu að meðferð Erítreumannsins Andemariam Beyene sem lést eftir að hafa fengið græddan í sig plastbarka með stofnfrumum og voru í hópi 28 meðhöfunda greinar Macchiarinis um aðgerðina sem birtist í læknablaðinu Lancet.

**– sa /** **sjá síðu 2**



# Borgarbörnin kynnast sveitinni

**Dýrin skoðuð** Kristján Finnsson, bóndi á Grjóteyri, og Hildur Axelsdóttir, kona hans, tóku í gær á móti hópi leikskólabarna líkt og þau hafa gert síðastliðin fimmtíu ár. „Þetta er eitt af því sem er nauðsynlegt fyrir Bændasamtökin, að hleypa börnunum í návígi við skepnurnar og fá smá fróðleik,“ segir Kristján. Hann segir allt að níu þúsund börn hafa komið í heimsókn á hverju ári þegar mest var. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Sólgleraugu gera mikið fyrir heildarsvipinn og þegar sólin skín hátt á lofti er nauðsynlegt fyrir alla að eiga flott sólgleraugu. 22



**SKOÐUN** Reykingar þrefalda áhættuna á ótímabærum dauða, skrifar Gunnar Sigurðsson prófessor. 10

**SPORT** Vil spila allar mínútur á EM, segir Eiður Smári Guðjohnsen. 12

**LÍFIÐ** Sumarið verður árstíð Sturlu Atlasar. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Vaxandi suðaustanátt, þykknar upp og fer að rigna eftir hádegi vestan til á landinu, en hægari og þurrt og bjart fyrir austan. Áfram milt í veðri, einkum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 16

# Þokumst smám saman upp listann

**VIÐSKIPTI** Ísland er í 23. sæti í úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni þjóða árið 2016. Ísland hækkar um eitt sæti á listanum á milli ára og vegur bætt efnahagsleg frammistaða þyngst í hækkuninni en Ísland stökk upp um fimmtán sæti í þeim þætti úttektarinnar. Þá fór Ísland upp um tvö sæti í flokknum skilvirkni í atvinnulífi og um fimm sæti í skilvirkni hjá hinu opinbera. Hins vegar eru samfélagslegir innviðir lakari en áður og lækkaði Ísland um sex sæti á þeim lista.

Ísland var í fjórða sæti á listanum árið 2006 en hafði fallið niður í 29. sæti árið 2013. Síðan þá hefur Ísland hins vegar hækkað í 25. sæti árið 2014, 24. sæti árið 2015 og nú í 23. sæti.

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir fréttirnar fínar en þó ekki frábærar. „Við þokumst smám saman upp listann en stöndum þó Skandinavíu langt að baki. Við hefðum viljað sjá hraðari framfarir,“ segir hann.

Þá segir Björn ekki raunhæft að Ísland komist aftur í fjórða sætið í náinni framtíð. „Við sjáum að ríki færast yfirleitt ekki um mjög mörg sæti á milli ára. Þess vegna höfum við talað fyrir stefnu til lengri tíma þannig að við séum með áætlun sem myndi skila okkur í eitt af efstu sætunum á næstu tíu til tuttugu árum en horfum ekki alltaf til eins árs í senn,“ segir Björn. **– þea**

> Við þokumst smám saman upp listann en stöndum þó Skandinavíu langt að baki.



Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs

# Fagna fjölmenningu



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra fögnuðu fjölmenningu með nemendum Fellaskóla í gær. Lilja Dögg er þar gamall nemandi. Á þriðja tug tungumála eru töluð við Fellaskóla þar sem listaverkið Tungumálaregnboginn var afhjúpað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mæting þremur tímum fyrir flug

**VIÐSKIPTI** Isavia mælir með því að farþegar mæti á Keflavíkurflugvöll um þremur klukkustundum fyrir flug frá og með kvöldinu í kvöld og næstu þrjá daga. Ástæðan er vinna við umbætur á farangursflokkunarkerfi flugvallarins.

Nýr farangursflokkunarsalur verður tekinn í notkun í sumar en áður en hann verður kominn í gagnið að fullu verður engin sjálfvirk farangursflokkun heldur mun þurfa að handflokka allan innritunarfarangur þar sem núverandi kerfi verður aftengt í kvöld. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið verði komið í gagnið að morgni 4. júní.

Áætlað er að nýja kerfið hafi rúmlega tvöfalda flokkunargetu á við hið gamla og verður með því unnt að þjónusta farangursgáma sem notaðir eru í breiðþotur eins og Icelandair og WOW air eru að taka í notkun. **– þea**

# Siðferðisslys með þeim verstu á Norðurlöndum

**Í bréfi Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands til heilbrigðisráðherra er talið mikilvægt að rannsaka þátt íslenskra stofnana í barkaígræðslumálinu svokallaða. Heilbrigðisráðherra vill að þingið skoði möguleika á rannsóknarnefnd.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Siðfræðistofnun Háskóla Íslands segir engan vafa leika á að plastbarkamálið svokallaða, þar sem Íslendingar voru bæði leikendur og gerendur, sé eitt alvarlegasta siðferðisslys í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum.

Í bréfi sem Siðfræðistofnun hefur sent heilbriðgðisráðherra segist stofnunin telja mikilvægt að rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar til þess að rannsaka hlut Íslands í málinu.

„Það er okkar mat, eftir að hafa farið yfir málið og kynnt okkur það sem komið hefur fram, að æskilegt sé að koma upp rannsóknarnefnd hér á landi,“ segir Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

„Rannsóknir Svía nægja ekki til að varpa ljósi á íslenska hluta málsins. Slíka rannsókn verðum við að gera sjálf. Því skiptir miklu máli að við rannsökum hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis og hvað af málinu megi læra. Svíar taka málið föstum tökum og við ættum að gera slíkt hið sama.“

Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði heilbrigðisráðherra að því í fyrirspurn á þingi í gær hvort honum hugnaðist að rannsaka hlut Íslands varðandi barkaígræðslu Paolos Macchiarini, læknis við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi, á Andamarian Beyene sem lést stuttu eftir ígræðsluna.

Kristján Þór Júlíusson taldi eðlilegt og æskilegt að Alþingi tæki til skoðunar að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til þess að skoða þátt íslenskra sérfræðinga í málinu.



Tómas Þór Guðbjartsson læknir og Andamarian Beyene sumarið 2012. Barkaígræðslan er meðal annars rannsökuð af sænsku lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Rannsóknir Svía nægja ekki til að varpa ljósi á íslenska hluta málsins. Slíka rannsókn verðum við að gera sjálf.



Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar

Fram hefur komið að barkinn hafi aldrei verið líklegur til þess að gegna því hlutverki sem honum var ætlaður og hafi dregið sjúklinginn til dauða. Til þess að rannsóknarnefnd verði að veruleika þarf Alþingi að samþykkja þingsályktun þess efnis.

Tómas Guðbjartsson, sem tók þátt í rannsókninni á sínum tíma, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað.

sveinn@frettabladid.is

Uppblásin fortjöld á hjólhýsi.
Ótrúlega þægilegt, engar súlur.
Sló í gegn hjá okkur í fyrra og seldist upp á mettíma.
Engar súlur!



Þar sem ferðalagið byrjar
Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

NISSAN

Innovation that excites

Zero Emission

# NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGNI. KLÁRT.



Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

30 kWh ← 250 km* →

24 kWh ← 199 km* →

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**
**Verð: 4.290.000 kr.**

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

*Drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM74587

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Fjögur leiðangursskip sigla hringinn með ferðamenn í sumar

**VIÐSKIPTI** Fjögur leiðangursskip munu sigla hringinn í kringum Ísland með ferðamenn í sumar. Leiðangursskip kallast skip sem flytja farþega, sem komið hafa að landi með flugi, í skoðunarferðir kringum landið og eru eins konar minni skemmtiferðaskip. Ocean Diamond kom til Íslands í mánuðinum og hefur nú þegar hafið siglingar í kringum landið en skipin Star Legend, L'Austral og NG Explorer munu sigla í kringum landið í júlí og ágúst.

„Það má segja að þetta sé það nýjasta í flórunni en þessi leiðangursskip gera mikið út á náttúruskoðun. Hvert skip mun sigla með á annað hundrað farþega í hverri ferð. Leiðangursskipin hafa viðkomu á allmörgum stöðum á landinu og tekur hver hringferð yfirleitt um 10 daga,“ segir Jóhann Bogason, framkvæmdastjóri Gáru dótturfélags TVG-Zimsen sem sér um að þjónusta skipin á meðan á dvöl þeirra stendur.

Jóhann segir þetta mjög jákvætt fyrir byggðarlög á landsbyggðinni enda hafi þetta í för með sér að minni byggðarlög fá fleiri ferðamenn í heimsókn en ella. „Þetta skilar sér í aukinni verslun og þjónustu fyrir mörg minni byggðarlögin og hefur því jákvæð efnahagsleg áhrif,“ segir Jóhann.

Skipin stoppa daglega í nýrri höfn. Þau hafa viðkomu í Reykjavík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Flatey, Ísafirði, Vigur, Grímsey, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði, Neskaupstað, Djúpavogi og Vestmannaeyjum. **– þea**



**Ocean Diamond er eitt skipanna fjögurra.** MYND/TVG-ZIMSEN



**Vík í Mýrdal.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Staðfesta úrskurð um farbann

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Suðurlands þess efnis að karlmaður, sem grunaður er um að hafa haldið tveimur konum í vinnuþrælkun á heimili sínu í Vík í Mýrdal, sæti áfram farbanni. Farbannið gildir til 22. júní.

Maðurinn var handtekinn þann 18. febrúar í umfangsmiklum aðgerðum lögreglunnar á Suðurlandi. Hann er eigandi fyrirtækisins Vonta International, sem var undirverktaki fataframleiðandans Icewear.

Maðurinn og konurnar tvær, sem eru systur, eru öll frá Srí Lanka. Í úrskurði héraðsdómara, sem Hæstiréttur staðfesti, kemur fram að uppi sé rökstuddur grunur um að maðurinn hafi brotið af sér. Þá er ljóst að hann hafi litla tenginu við landið og líkur séu á að hann reyni að komast af landi brott. **– jóe / þea**

## Alvarlegt slys á Þingvallavegi

**SLYS** Mótorhjólamaður slasaðist alvarlega þegar hann féll af mótorhjóli sínu á Þingvallavegi við Leirvogsá á sjöunda tímanum í gærkvöldi.

Að sögn lögreglu er talið að maðurinn hafi misst stjórn á hjólinu og lent utan í vegriði. Maðurinn var fluttur á Landspítalann.

Þingvallavegur var lokaður í rúma klukkustund í gærkvöldi vegna slyssins. Vegfarendum var þess í stað bent á að fara hjáleið um Kjósarskarðsveg.

Hvorki fengust upplýsingar um líðan mannsins né alvarleika slyssins hjá lögreglu eða Landspítala í gærkvöldi. **– þea**

# Fjölþjóðlegt teymi nýtir rekavið til vísindarannsókna

**Vísindamenn frá tíu löndum sameinast um að efla rannsóknir á rekaviði sem getur gefið fjölbreyttar upplýsingar um loftslag á norðurslóðum, hafstrauma, hafís og styður við sagnfræði- og fornleifarannsóknir.**

**VÍSINDI** Vísindamenn frá tíu löndum í Evrópu og Norður-Ameríku hyggjast taka saman höndum um að efla alþjóðlegar rannsóknir á rekaviði. Rekaviður er meðal annars gagnabanki um loftslag norðurslóða sem gerir kleift að endurgera veðurfarsgögn langt aftur í aldir.

Í þessu augnamiði fundaði stór hópur vísindamanna í höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins að Mógilsá á dögunum, og ræddu hvernig tvinna má saman rannsóknir á umhverfi lands og sjávar. Saman kom vísindafólk á sviði trjá- og viðarfræði, loftslagssögu og fornvistfræði en einnig fornleifafræði, haffræði og aldursgreiningar með geislakolum. Öll þessi vísindasvið eiga snertifleti í norðurslóðarannsóknum.

Pétur Halldórsson, kynningarfulltrúi Skógræktar ríkisins, segir rekavið víða að finna, ekki bara liggjandi í fjörum heldur í gripum og mannvirkjum sem smíðuð hafa verið úr honum í gegnum árin.

„Varðveittur rekaviður getur því verið mjög gamall og rannsóknir á honum geta gefið ýmsar gagnlegar upplýsingar um árferði á hverjum tíma, jafnvel hafstrauma, hafís og margt fleira. Rannsóknir á rekaviði gagnast ólíkum fræðasviðum. Meðal annars má nýta það sem rekaviðurinn segir okkur til að styðja við sagnfræðileg gögn og aðrar heimildir um liðinn tíma. Við getum til dæmis hugsað okkur að vísindafólk sem rannsakar menningarsögu þjóðanna í norðrinu geti nýtt sér það sem lesa má úr rekaviðnum ekki síður en náttúruvísindafólk sem skoðar sögu lífríkis eða sveiflur í náttúrufari,“ segir Pétur.

Á fundi vísindamannanna varð að samkomulagi að hópurinn myndi skrifa þverfaglega yfirlitsgrein um núverandi stöðu þessara mála og þau viðfangsefni sem blasa við á komandi árum á sviði rekaviðarrannsókna á norðurslóðum. Helsta hvatningin að þessum skrifum er hversu viðkvæmt norðrið er fyrir loftslagssveiflum. Sömuleiðis er þröskuldur í þessari vinnu hversu saga beinna mælinga er stutt á norðurslóðum. Þekkingu skortir á þeim sveiflum sem hafa orðið í aldanna rás á útbreiðslu hafíssins, hafstraumakerfum, sjávarhæð, útbreiðslu lífvera, flutningshraða innan Íshafsins og mikilvægi rekaviðar fyrir samfélög fólks í norðri, skrifar Pétur um fundinn.

Yfirlitið er hugsað til að forgangsraða vettvangsathugunum og rannsóknarverkefnum á komandi árum og koma rekaviði norðurslóða á framfæri sem fjölþættri gagnauppsprettu svo betur megi skilja eðlisþætti heimskautakerfanna í fortíð og nútíð. **svavar@frettabladid.is**



**Reki þótti um aldir mikil búbót á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Varðveittur rekaviður getur því verið mjög gamall og rannsóknir á honum geta gefið ýmsar gagnlegar upplýsingar um árferði á hverjum tíma, jafnvel hafstrauma, hafís og margt fleira.**



Pétur Halldórsson, kynningarfulltrúi Skógræktarinnar

### Gluggi inn í fortíðina

- Rekaviður á norðurslóðum tengir saman mismunandi rannsóknarsvið á norðurslóðum.
- Hann er aðgengilegur og fremur ódýr upplýsingabanki um umhverfið og gefur geysimikla möguleika sem enn eru vannýttir og þarfnast rannsókna.
- Með þverfaglegri samvinnu er hægt að vinna áreiðanlegri gögn um fortíðina og ná lengra aftur í tímann en fyrirliggjandi gögn úr mælitækjum leyfa.
- Rekaviðurinn sem berst til Íslands kemur frá skógum Síberíu. Rannsóknir frá árinu 1971 sýndu að rekaviðurinn berst um 400–1.000 kílómetra á ári og það tekur drumbana um 4 til 5 ár að reka til Íslandsstranda.


# Garðtraktorar í miklu úrvali



ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is




**Áður óséð AURISatilboð**
í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.




Helgi Hóseasson skipar þann heiðurssess að vera nefndur Mótmælandi Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gert við minningarbekk um Mótmælanda Íslands

**MENNING** Minningarbekkur um Helga Hóseasson á Langholtsvegi hefur verið tekinn burt um stundarsakir til að hressa upp á útlitið á honum.

Helgi Hóseasson stóð meðan honum entist aldur löngum stundum með mótmælaspjöld á Langholtsvegi, nærri heimili sínu. Helgi mótmælti því meðal annars að hvorki þjóðkirkjan né ríkið fékkst til að viðurkenna að hann vildi rifta skírn sinni og fermingu. Hann lést haustið 2009 án þess að fá þessa riftun skrásetta.



Helgi Hóseasson

Árið eftir andlát Helga komu einkaaðilar fyrir minningarbekk um þennan frægasta mótmæla Íslandssögunnar á lóð hússins á Langholtsvegi 84.

Bekkurinn mun nú verða yfirfarinn og settur aftur á sinn stað innan tíðar. – **gar**











## Skemmdir eru miklar



Brak og rusl fyllir íbúagötu í Braunsback í gær. Á sunnudag gekk mikið rok og úrhelli yfir hluta Suður-Þýskalands og olli flóðum. Greint hefur verið frá fjórum dauðsföllum vegna veðursins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íraksher reynir að endurheimta Fallúdsja

**Daish-samtökin hafa haft Fallúdsja í Írak á sínu valdi í meira en tvö ár. Búist er við langvinnum átökum sem bitni hart á um 50 þúsund íbúum borgarinnar.**

**ÍRAK** Íraski stjórnarherinn hóf í gærmorgun harðar árásir á borgina Fallúdsja, sem liðsmenn Íslamska ríkisins hafa haft á sínu valdi í rúmlega tvö ár.

Herinn stefnir að því að ná borginni aftur úr höndum Daish-samtakanna, sem nefna sig Íslamskt ríki, en talið er að um 50 þúsund íbúar borgarinnar séu þar innilokaðir.

Nokkrum þúsundum manna hefur þó tekist að flýja borgina á síðustu dögum, áður en átökin hófust fyrir alvöru. Sumir hafi látið lífið á flóttanum.

Daish-liðar hafa brugðist við með sjálfsvígsárásum í Bagdad og nágrenni. Að minnsta kosti 20 manns létu lífið í þremur slíkum árásum í gær.

Fyrir viku kynnti stjórnarherinn áform sín um að endurheimta borgina úr höndum Daish. Tíminn hefur verið notaður til að umkringja borgina og hafa liðsmenn vopnaðra hópa sjía-múslima og annarra fylkt sér með stjórnarhernum gegn Daish-liðum.

Bandaríkjaher boðar stuðning við stjórnarherinn með loftárásum.

Yfirstjórn hersins segist bjartsýn á að markmiðið náist innan fárra sólarhringa, en aðrir efast og segja átökin eiga eftir að verða harðvítug og standa vikum saman. Almennir borgarar muni verða fyrir barðinu á þeim.

Fallúdsja var fyrsta borgin sem vígasveitir Daish-manna náðu á sitt vald í Írak í byrjun árs 2014. Borgin er skammt austur af höfuðborginni Bagdad, en Fallúdsja er höfuðstaður Anbar-héraðs.

Anbar-hérað er stórt hérað sem nær yfir mestallan vesturhluta Íraks. Íbúar þar eru einkum súnnímúslimar og voru þeir ráðandi afl í landinu á stjórnartíma Saddams Hussein.

Eftir að Hussein var steypt af stóli hafa sjía-múslimar komist í ráðandi stöðu við stjórn landsins, en súnnímúslimum hefur að sama skapi verið ýtt til hliðar og eru afar ósáttir við stjórnina í Bagdad.

Af þeim sökum hafa margir súnnímúslimar í Anbar-héraði tekið Daish-samtökunum fagnandi, enda eru samtökin sprottin þaðan og eiga þar stuðningskjarna sinn. Öðrum ofbýður þó harkan og bíða þess með óþreyju að Daish-menn hverfi á braut. **gudsteinn@frettabladid.is**

### Orrustan um Fallúdsja

Íraksher hóf í gærmorgun sókn sína gegn Daish-samtökunum í Fallúdsja og nýtur til þess stuðnings frá bandaríska flughernum og liðsmönnum vopnaðra hópa sjía-múslima og annarra.



# Central Bank of Iceland
# foreign currency auction 16 June 2016

The Central Bank of Iceland hereby offers to purchase krónur in exchange for cash payment in foreign currency. More specifically, the Bank is offering to buy krónur defined as offshore krónur according to Act no. 37/2016. The auction will take place on Thursday 16 June 2016. It will begin at 10:00 hrs. and last until 14:00 hrs. that same day. The auction is part of the comprehensive action plan to lift the capital controls; cf. the Government and Central Bank's capital account liberalisation strategy of 8 June 2015. In instances where Treasury bonds, Treasury bills, or Housing Financing Fund bonds are used as payment for the foreign currency in the auction, the repurchase price will be published on 10 June 2016.

The auction is structured with a single-price format; i.e., all accepted offers will be offered to investors at the same price. The price for euros sold in the auction will be determined by auction participation, as is set forth in the following table:

| *Amount of offshore króna assets offered for sale:* | *Auction price:* |
|---|---|
| 0 kr. – 50,000,000,000 kr. | 210 kr. per euro |
| 50,000,000,001 kr. – 75,000,000,000 kr. | 205 kr. per euro |
| 75,000,000,001 kr. – 125,000,000,000 kr. | 200 kr. per euro |
| 125,000,000,001 kr. – 175,000,000,000 kr. | 195 kr. per euro |
| 175,000,000,001 kr. or more | 190 kr. per euro |

Commercial banks and securities depositories that have deposit accounts with the Central Bank of Iceland and have concluded an intermediation agreement with the Central Bank will act as intermediaries for participation in the auction by owners of offshore króna assets.

Settlement of auction transactions will take place on 29 June 2016. It should be noted that the 16 June 2016 auction will be the last auction in which owners of offshore krónur will be invited to purchase foreign currency before the authorities begin lifting controls on residents: pension funds, other legal entities and individuals.

Terms of Auction and information on intermediaries can be accessed on the Central Bank of Iceland website: http://cb.is/auction

Further information can be obtained from the intermediaries.

---

# Seðlabanki Íslands heldur
# gjaldeyrisútboð 16. júní 2016

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa krónur í skiptum fyrir reiðufé í erlendum gjaldeyri. Nánar tiltekið er um að ræða krónur sem uppfylla skilgreiningu laga nr. 37/2016, svonefndar aflandskrónur. Útboðið fer fram fimmtudaginn 16. júní 2016, hefst kl. 10:00 fyrir hádegi og stendur til kl. 14:00 eftir hádegi sama dag. Útboðið er liður í heildstæðri aðgerðaáætlun um losun fjármagnshafta, sbr. áætlun ríkisstjórnar Íslands og Seðlabankans um losun fjármagnshafta frá 8. júní 2015. Endurkaupaverð í þeim tilvikum þar sem ríkisbréf, ríkisvíxlar eða íbúðabréf verða notuð sem greiðsla fyrir gjaldeyri í útboðinu verður birt opinberlega hinn 10. júní nk.

Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Verð seldra evra í útboðinu mun ráðast af þátttöku í útboðinu með þeim hætti sem lýst er í eftirfarandi töflu:

| *Fjárhæð aflandskrónaeigna sem boðin er til sölu:* | *Útboðsverð:* |
|---|---|
| 0 kr. - 50.000.000.000 kr. | 210 kr. pr. evru |
| 50.000.000.001 kr. - 75.000.000.000 kr. | 205 kr. pr. evru |
| 75.000.000.001 kr. - 125.000.000.000 kr. | 200 kr. pr. evru |
| 125.000.000.001 kr. - 175.000.000.000 kr. | 195 kr. pr. evru |
| 175.000.000.001 kr. eða meira. | 190 kr. pr. evru |

Viðskiptabankar og verðbréfamiðstöðvar með innlánsreikning hjá Seðlabanka Íslands, sem gert hafa samstarfssamning um milligöngu, munu annast milligöngu um þátttöku aflandskrónaeigenda í útboðinu.

Uppgjör viðskipta á grundvelli útboðsins fer fram 29. júní 2016. Athygli er vakin á að útboðið hinn 16. júní 2016 verður síðasta útboðið þar sem eigendum aflandskróna býðst að kaupa erlendan gjaldeyri áður en stjórnvöld hefja losun hafta á innlenda aðila: lífeyrissjóði, aðra lögaðila og einstaklinga.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila má finna á heimasíðu Seðlabankans: http://sedlabanki.is/utbod

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar.

ÚRVAL
NOTAÐRA BÍLA
BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




Discovery Sport HSE SD4
Nýskr. 05/15, ekinn 15 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 283670
VERÐ!
9.190 þús.




PEUGEOT 208 GTi
Nýskr. 05/15, ekinn 8 þús. km.
bensín, beinskiptur
Rnr. 143508
VERÐ kr. 3.880 þús.




HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 10/15, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143510
VERÐ kr. 5.490 þús.




RENAULT Clio Expression Sport Tourer
Nýskr. 05/15, ekinn 32 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143459
VERÐ kr. 2.690 þús.




NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 11/15, ekinn 2 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 120983
VERÐ kr. 3.050 þús.




HONDA Civic Elegance
Nýskr. 06/15, ekinn 13 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 170426
VERÐ kr. 3.790 þús.




SUZUKI Swift GLX
Nýskr. 08/14, ekinn 30 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 360029
VERÐ kr. 2.290 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

# Enn mikið verk óunnið að mati Bjarna

**Eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi í gærkvöldi. Stjórnarandstaðan sagði of mörgum haldið utan við uppgang íslensks efnahagslífs. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, sagði enn mikið verk óunnið við að bæta hag allra.**

**ALÞINGI** Eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi í gærkvöldi, þær síðustu þar til boðað verður til kosninga í haust. Formenn stjórnarflokkanna minntu þjóðina á þau góðu verk sem sitjandi ríkisstjórn hefur komið til leiðar á kjörtímabilinu og góða stöðu ríkissjóðs á meðan stjórnarandstaðan velti fyrir sér lærdómi af Panamahneykslinu og að þrátt fyrir uppgang sætu sumir hópar eftir og nytu ekki hagvaxtarins.

„Bjartari tímar í efnahagsmálum duga ekki til ef meginþorri almennings í landinu fær ekki að njóta þessara bjartari tíma og reynir á eigin skinni rangláta skiptingu auðs, ranglátt kerfi sem meðhöndlar ekki alla jafnt,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG.


**Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, við eldhúsdagsumræðurnar í gær. Hún segir almenning líka þurfa að njóta bjartari tíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra sagði ljóst að mörg góð verk hefðu verið unnin á kjörtímabilinu. Sagði hann það rétt að ekki væri allt núverandi stjórnarflokkum að þakka en á meðan þeir fengju yfir sig skammirnar fyrir það sem miður fer væri sanngjarnt að þeir nytu sannmælis og fengju hrós fyrir uppgang, minnkandi atvinnuleysi og aukinn kaupmátt þjóðarinnar.

„Þingveturinn sem nú er að líða hefur verið hreint út sagt ömurlegur,“ sagði Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar. „Tengsl stjórnmálamanna við vafasama viðskiptahætti aflandsfélaga, og það að hafa vísvitandi leynt þeim tengslum, reyndist þjóðinni ómögulegt að kyngja. Enda er það gjörsamlega óásættanlegt. Þetta er hreinlega ekki heiðarlegt. Það er ekkert skrýtið við það að þjóðfélagið fari á hvolf og stjórnmálalífið sé lamað eftir.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, sagði núverandi vetur hafa einkennst af uppgangi í íslensku efnahagslífi og boðaði á næstu misserum stórsókn í uppbyggingu innviða. „Enn eru margir sem eiga erfitt með að ná endum saman, fleiri eru þó í betri stöðu en áður, okkar bíða enn verkefni,“ sagði Bjarni. **sveinn@frettabladid.is**

Opinn málfundur um stjórnarskrána í dag!



Staður: Viðreisnarhúsið Ármúla 42
Tími: Þriðjudagurinn 31. maí kl. 17.00 – 18.00
Allir velkomnir frá kl. 16.45

Stjórnlagaráðsfulltrúarnir Pawel Bartoszek og Salvör Nordal halda erindi og sitja fyrir svörum.

Kynnum okkur stjórnarskrána og breytingar á henni saman í góðum hópi!

/ Vidreisn
VIÐREISN
www.vidreisn.is

# Viðarvörn
## fyrir íslenskar aðstæður




## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

málning
*- það segir sig sjálft -*

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 79400 04/16

# Ofmetið frelsi



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Launafólk finnur ekkert fyrir gjaldeyrishöftunum enda eru vöru- og þjónustuviðskipti undanþegin. Að þessu sögðu er hins vegar mjög brýnt að losa um gjaldeyrishöftin fyrir lífeyrissjóði.

Undanþágur lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendum gjaldeyri hafa verið rýmkaðar í skrefum á síðustu mánuðum. Það er jákvætt enda er áhyggjuefni hversu lítill hluti eigna lífeyrissjóðanna er í gjaldeyri. Um það bil 23 prósent af heildareignum þeirra eru erlendis á meðan neysla lífeyrisþega framtíðarinnar er í gjaldeyri í formi innfluttrar vöru og þjónustu.

Það hefur verið forgangsmál sitjandi ríkisstjórnar að afnema höftin. Þetta kemur beinlínis fram í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna. „Eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar verður að vinna að afnámi fjármagnshafta," segir þar. Mikilvæg skref hafa verið tekin á kjörtímabilinu til að ná þessu markmiði. Stærstu skrefin nú í vetur. Fyrst með nauðasamningum slitabúanna og stöðugleikaframlögum sem þau greiddu í ríkissjóð og núna með lögum um aflandskrónur. En hverjir njóta góðs af losun hafta? Tilgangurinn með höftunum er að verja lífskjör almennings. Venjulegt launafólk finnur ekki fyrir þeim. Þeir sem finna mest fyrir þeim eru fjármagnseigendur því stærstu útflutningsfyrirtækin njóta öll undanþágu frá höftum hjá Seðlabankanum.

Frjálsir fjármagnsflutningar eru ein af fjórum grunnstoðum EES-samningsins. Íslenska ríkið hefur verið á undanþágu frá ákvæði um frjálsa fjármagnsflutninga í 8 ár vegna haftanna. Í dómi EFTA-dómstólsins í máli Pálma Sigmarssonar gegn Íslandi frá 14. desember 2011 var því slegið föstu að höftin samrýmdust EES-samningnum vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust á Íslandi eftir bankahrunið. Færa má rök fyrir því að þessar sérstöku aðstæður séu ekki lengur til staðar enda lutu þær að þeim krónuvanda sem stafaði af slitabúum og fjárfestum sem eiga svokallaðar aflandskrónur.

Ekki er alveg ljóst að það þurfi yfirleitt að losa um höftin enda ljóst að fámennur hópur manna nýtur góðs af því. Þess í stað væri skynsamlegra að veita íslenskum lífeyrissjóðum varanlega undanþágu frá höftunum þannig að þeir geti fjárfest erlendis en láta flesta aðra áfram búa við höft í einhverri mynd að undanskildum þeim sem þegar njóta undanþága. Það er svo lögfræðilegt viðfangsefni að sannfæra ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um nauðsyn þess.

Þá má spyrja hvort það feli ekki í sér mismunun? Alls ekki. Lífeyrissjóðir verða í sömu stöðu. Kjarni jafnræðisreglunnar er að einstaklingar og lögaðilar í sömu stöðu njóti sama réttar. Lífeyrissjóðir, verndarar áhyggjulauss ævikvölds almennings, fá að fjárfesta í gjaldeyri en spákaupmenn og fjárfestar verða áfram úti.

Frjálst flæði fjármagns ýtir undir hagvöxt og er yfirleitt jákvætt fyrir alþjóðleg viðskipti. Erlend fyrirtæki vilja síður fjárfesta á Íslandi ef hér eru höft. En hið dýnamíska markaðshagkerfi sem margir þrá er ekki valkostur þegar gjaldmiðillinn er íslensk króna. Frelsi er ekki valkostur með minnstu sjálfstæðu mynt heimsins. Launafólk á allt sitt undir gengisstöðugleika.

**Ekki er alveg ljóst að það þurfi yfirleitt að losa um höftin enda ljóst að fámennur hópur manna nýtur góðs af því.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Án djóks?**

**Eldhúsdagsumræðum á hinu háæruverðuga Alþingi Íslendinga er sjónvarpað um allt land á besta tíma sólarhringsins. Þar gafst þingmönnum, og reyndar einum utanþingsráðherra framkvæmdavaldsins, kjörið tækifæri á að ræða milliliðalaust við kjósendur. Hver þingflokkur fékk heilar þrjár ræður til að ræða við kjósendur. Til að gera langa sögu stutta voru flestar ræðurnar nokkuð fyrirsjáanlegar og enginn ræðumaður læddi inn brandara eða öðru til að brjóta upp stemninguna eða auka áhorfið. Á meðan klóra þingmenn sér í kollinum yfir því að álit almennings á þinginu sé í molum. Gæti lausnin falist í því að vera ögn mannlegri, án djóks?**

**Eldhúsdagur ei meir?**

**En það var ljóst á þessum umræðum að stutt er í kosningar. Stjórnarliðar hömruðu á góðum gangi í íslensku efnahagslífi en stjórnarandstaðan fann þeim allt til foráttu. Ekkert nýtt kom fram í umræðunum sem gætu vakið athygli landsmanna. Á einhvern hátt eru þessar umræður ekki í takt við nútímann, tíma þar sem upplýsingar flæða óáreitt um allt. Eldhúsdagsumræður eru arfur gamalla tíma og algjörlega óþarfur arfur að halda í. Flestum þeim upplýsingum sem komu þarna fram hafa fjölmiðlar skilmerkilega miðlað áfram. Íslensk þjóð myndi líkast til ekki tapa á því ef þetta yrði síðasti eldhúsdagur þingsins.**

sveinn@frettabladid.is

# Reykingar þrefalda áhættuna á ótímabærum dauða



Gunnar Sigurðsson
prófessor og fyrrverandi stjórnar Hjartaverndar

Þriðjudagurinn 31. maí er alþjóðlegi, „dagurinn án tóbaks". Tilgangur hans er að vekja athygli á skaðsemi tóbaks.

Reykingar hafa farið minnkandi á Íslandi síðasta aldarfjórðunginn. Samkvæmt gögnum frá Embætti landlæknis árið 2014 var reykingatíðni meðal 18 ára og eldri komin niður í 13-15 prósent og 20 prósent meðal miðaldra einstaklinga. En betur má ef duga skal.

Niðurstöður Áhættuþáttakönnunar Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar sýna að þeir sem reykja sígarettur að staðaldri, hafa þrefalda áhættu á því að deyja fyrir 75 ára aldur miðað við þá sem aldrei hafa reykt. Úrtakið náði til um sjö þúsunda karla og kvenna 25 ára og eldri þar sem afdrif hópsins voru könnuð reglulega.

Ótímabær dauðsföll eru þau sem verða fyrir 75 ára aldur. Á árinu 2015 létust 664 Íslendingar á aldrinum 25-74 ára samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Gera má ráð fyrir að 25-30 prósent af þessum látnu einstaklingum hafi reykt og umtalsverður hluti þeirra hafi látist úr reykingatengdum sjúkdómum miðað við þá sem aldrei hafa reykt. Þetta þýðir að um 170 reykingamenn dóu á árinu 2015 sem samsvarar einu dauðsfalli annan hvern dag.

Fyrri niðurstöður Hjartaverndar eru samhljóða nýlegum tölum frá stórri rannsókn í Bandaríkjum sem sýnir að ævilíkur þeirra sem reykja að staðaldri eru að minnsta kosti tíu árum skemmri en þeirra sem aldrei hafa reykt. Jafnframt sýna tölurnar að með því að hætta að reykja fyrir fertugt er hægt að koma í veg fyrir þessa áhættu að mestu. Afleiðingar reykinga koma fram í mörgum líffærum svo sem í hjarta- og æðasjúkdómum, langvinnum lungnasjúkdómum og lungnakrabbameini og fleiri tegundum krabbameina. Reykingar valda því ekki aðeins ótímabærum dauðsföllum heldur eru reykingar ein helsta orsök langvinnra sjúkdóma og vanheilsu í íslensku þjóðfélagi. Skaðsemi tóbaks er óumdeild og það ætti því að vera stefna allra að útrýma þessu eiturefni úr umferð sem allra fyrst. Höfum hugfast að tóbak fengist aldrei viðurkennt fyrir almenna sölu ef það væri fyrst að koma á markað í dag.

Mikilvægt er að hafa í huga að aldrei er of seint að hætta, ávinningurinn verður alltaf verulegur.

**Reykingar hafa farið minnkandi á Íslandi síðasta aldarfjórðunginn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Mikilvægt hlutverk dagforeldra



**Skúli Helgason**
formaður skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Inga Hanna Dagbjartsdóttir, fulltrúi í Barninu, félagi dagforeldra í Reykjavík, skrifar mér opið bréf sem birtist í Fréttablaðinu þann 14. maí síðastliðinn. Í bréfinu bregst Inga við grein sem ég birti hér í blaðinu á dögunum þar sem ég kynnti áform meirihluta Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um að bjóða yngri börnum leikskólavist. Núgildandi reglur hafa kveðið á um að öll börn komist á leikskóla árið sem þau verða tveggja ára en nú munum við bjóða öllum börnum sem verða 18 mánaða eða eldri í ágúst leikskólapláss.

### Orð og efndir

Þessi áform ættu ekki að koma Ingu eða öðrum á óvart. Það var stefnumál Samfylkingarinnar í síðustu kosningum, sem var vel kynnt í ræðu og riti, að við vildum bjóða yngri börnum inn á leikskólana í áföngum með það að markmiði að börn hefji leikskólanám í síðasta lagi haustið sem þau verða 18 mánaða. Þau fyrirheit verða nú að veruleika í haust. Það er mikilvægur áfangi á þeirri leið að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla en um það segir einmitt í samstarfsyfirlýsingu meirihlutans sem lýsir þeim fyrirheitum sem við viljum efna á kjörtímabilinu: „Áætlun verði unnin um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og viðræður teknar upp við ríkisstjórn og Alþingi um að ná því markmiði.“ Samstarfsyfirlýsingin var opinberuð þann 11. júní 2014 þegar meirihlutinn var kynntur til sögunnar.

### Brúum bilið

Starfshópur um brúarsmíðina dró fram sviðsmyndir í fyrra um mismunandi leiðir til að efla leikskólaþjónustu við yngri börn. Næsti áfangi þeirrar vinnu verður að útfæra nánar raunhæfa valkosti í stöðunni og hefur borgarráð nú skipað stýrihóp með fulltrúum allra flokka sem mun einhenda sér í það verkefni. Reikna má með fyrstu niðurstöðum þeirrar vinnu fyrir áramót.

Inga segir dagforeldra ítrekað hafa krafið borgina um hærri niðurgreiðslur til foreldra með börn sín hjá dagforeldrum en ætíð fengið þau svör að peningar séu ekki til. Þetta er ekki rétt því þessar niðurgreiðslur hækkuðu verulega árið 2014 og hafa hækkað samtals um rúm 12 prósent sl. tvö ár. Mikilvægt er að skoða vandlega samhengið á milli gjaldskráa leikskóla og dagforeldra með það fyrir augum að minnka þann mun sem lengi hefur verið á milli þessara gjalda. Ég mun beita mér fyrir því að það verði rýnt vandlega í stýrihópnum á næstunni.

### Mikilvægt hlutverk dagforeldra

Í nýrri viðhorfskönnun meðal foreldra barna hjá dagforeldrum kemur fram að 57% hefðu frekar viljað leikskóla, 25% vildu frekar dagforeldri og 18% tóku ekki afstöðu. 59% vildu að leikskóladvöl barna hæfist á aldrinum 12-18 mánaða. Þessar niðurstöður eru skýr vísbending um að áform okkar eru í samræmi við vilja meirihluta foreldra með ung börn. Ég tel þó afar mikilvægt að foreldrar hafi áfram val og margir ungbarnaforeldrar kjósa frekar dagforeldra fyrir börn sín, þar sem áhersla er lögð á persónulega þjónustu í heimilislegu umhverfi. Við viljum tryggja gæði þjónustunnar og í fyrra voru skilgreind gæðaviðmið hennar í samráði við dagforeldra. Við munum leggja áherslu á gott samráð við dagforeldra varðandi áformin sem fram undan eru og bjóða fulltrúum þeirra til funda á næstunni.

> **Núgildandi reglur hafa kveðið á um að öll börn komist á leikskóla árið sem þau verða tveggja ára en nú munum við bjóða öllum börnum sem verða 18 mánaða eða eldri í ágúst leikskólapláss.**






# Orkan okkar
## – Our Energy 2030

*Samkeppni og umbætur á raforkumarkaði – Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 2. júní kl. 8.30–10.00*

Ekkert land í heiminum framleiðir meiri raforku á hvern íbúa en Ísland. Iðnaðurinn á Íslandi notar um 80% þessarar orku og nýting hennar er uppspretta um fjórðungs útflutningstekna landsins.

Hinn kunni hagfræðingur Lars Christensen hefur unnið ítarlega skýrslu að beiðni Samtaka iðnaðarins. Í skýrslunni er raforkumarkaðurinn á Íslandi greindur, samkeppnishæfnin skoðuð og rýnt í helstu áskoranir sem framundan eru.

## Dagskrá



**Guðrún Hafsteinsdóttir**, formaður SI
Ávarp



**Lars Christensen**, alþjóðahagfræðingur
Kynnir skýrslu sína, ***Our Energy 2030***



**Umræður**

**Gunnar Tryggvason**
Verkefnastjóri KPMG



**Jóhann Þór Jónsson**
Formaður Data Center Iceland



**Bryndís Skúladóttir**
Forstöðumaður framleiðslu- og matvælasviðs SI

Fundarstjóri: **Almar Guðmundsson**, framkvæmdastjóri SI

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.

**Skráning á www.si.is**

Lars Christensen er danskur hagfræðingur sem hefur sérhæft sig í alþjóðahagfræði, peningahagfræði og málefnum nýmarkaðsríkja. Hann hefur yfir tuttugu ára reynslu úr fjármálageiranum og stjórnsýslu. Lars er stofnandi og eigandi Markets and Money Advisory og situr m.a. í ráðgjafaráði Adam Smith stofnunarinnar í London.

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-1743

**Pepsi-deild karla**

**FH - Víkingur Ó. 1-1**
1-0 Steven Lennon (28.), 1-1 Hrvoje Tokic (86.).

Ólsarar halda áfram að gera það gott sem og Tokic sem var að skora sitt sjötta mark í deildinni í sumar en hann er markahæstur. FH og Víkingur er því enn jöfn að stigum í deildinni.

**Fylkir - Fjölnir 2-2**
0-1 Martin Lund Pedersen (5.), 1-1 Albert Brynjar Ingason (52.), 1-2 Garðar Jóhannsson (61.), 2-2 Tobias Salquist (90.+3).

Fylkir er enn án sigurs í deildinni en var grátlega nálægt því að næla í sinn fyrsta sigur í gær. Mark Salquists kom aðeins nokkrum sekúndum áður en flautað var af. Þetta var fyrsta jafntefli Fjölnismanna í sumar.

**Stjarnan - Breiðablik 1-3**
0-1 Daniel Bamberg (72.), 0-2 Atli Sigurjónsson (80.), 1-2 Arnar Már Björgvinsson (81.), 1-3 Arnþór Ari Atlason (90.+3).

Breiðablik vann magnaðan útisigur í Garðabænum og hlaut að launum toppsætið í Pepsi-deildinni. Stjarnan er í öðru sæti deildarinnar.

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 12 | KR | 9 |
| Stjarnan | 11 | Víkingur R. | 8 |
| FH | 11 | Valur | 7 |
| Víkingur Ó. | 11 | ÍA | 4 |
| Fjölnir | 10 | Þróttur | 4 |
| ÍBV | 10 | Fylkir | 2 |

## Breiðablik komið á toppinn í Pepsi-deild karla eftir sigur á Stjörnunni




**Barátta** Blikinn Daniel Bamberg er hér í harðri baráttu í gær en hann skoraði fyrsta mark leiksins í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vil spila allar mínútur á EM

**Eiður Smári Guðjohnsen segist koma inn í íslenska landsliðið í góðu formi eftir góða mánuði með Molde í Noregi. Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari er ánægður með stöðu íslenska liðsins sem nú býr sig undir vináttulandsleik gegn Norðmönnum ytra.**


# VOGABYGGÐ

*nýtt hverfi við Elliðaárvoginn*

Opinn kynningarfundur um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag fyrsta áfanga Vogabyggðar. Fundurinn verður haldinn í Vogaskóla kl. 17.00 fimmtudaginn 2. júní nk

Dagskrá:

Drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Kynnt verður breyting er varðar fjölgun íbúða í hverfinu og skilgreiningu svæðis fyrir skólastofnanir

Drög að deiliskipulagi fyrsta áfanga ásamt rammaskipulagi. Kynnt verða drög að nýju deiliskipulagi fyrir svæði 2 í Vogabyggð. Í tillögunni felst endurskipulagning á svæðinu, þar sem iðnaðarstarfsemi víkur fyrir blandaðri byggð íbúða, þjónustu og skrifstofa

Allir velkomnir



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið




**Þetta er í fyrsta sinn sem maður fær það almennilega á tilfinninguna að undirbúningurinn sé hafinn fyrir fullt og allt.**

Eiður Smári Guðjohnsen

**FÓTBOLTI** Noregsdvölin virðist hafa gert Eiði Smára Guðjohnsen gott. Hann hefur spilað vel með Molde, undir stjórn Ole Gunnar Solkjær sem hefur verið óspar á að lofa hann í fjölmiðlum ytra. Það má heyra á Eiði Smára sjálfum að hann hefur nýtt tímann vel.

„Ég er mjög sáttur við hvernig þetta hefur farið hjá mér. Þetta hefði í raun ekki getað verið betra. Ég hef fengið fullt af mínútum en verið líka hlift við of miklu álagi. Ég ætti að geta komið inn í landsliðið eins ferskur og hægt er,“ sagði Eiður Smári í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann var þá nýmættur á sína fyrstu landsliðsæfingu eftir að EM-hópurinn var tilkynntur þann 9. maí. Þar með rættist gamall draumur Eiðs Smára um að fara með Íslandi á stórmót í knattspyrnu.

### Hef beðið í 20 ár

„Þetta er í fyrsta sinn sem maður fær það almennilega á tilfinninguna að undirbúningurinn sé hafinn fyrir fullt og allt. Það er tímapunktur sem margir hafa beðið lengi eftir,“ segir Eiður Smári sem hefur líklega beðið einna lengst. „Já, í um 20 ár,“ segir hann og brosir.

Hann segist ætla að nálgast verkefnið eins og hann hefur ávallt gert á sínum ferli – að hann sé að fara að spila frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu.

„Þannig ætti hver einasti leikmaður að hugsa. Við verðum allir að vera undir það búnir að spila og taka svo því hlutverki sem okkur verður gefið,“ segir Eiður Smári.

Lars Lagerbäck sagði við Fréttablaðið í gær að það væri nú fyrst og fremst verkefni þjálfaranna að nota hvern og einn leikmann á réttan hátt, fremur en að tefla fram endilega sterkasta liðinu í æfingaleiknum gegn Noregi á morgun og svo Liechtenstein á mánudag. Eiður Smári hefur góðan skilning á því.

„Sumir okkar hafa verið í fríi í nokkrar vikur en aðrir spilað mjög mikið. Þetta snýst um að hafa alla heila þegar mótið hefst og því geri ég ráð fyrir að allt sem við gerum næstu vikurnar miði að því að hafa alla leikmenn í toppstandi þegar fyrsti leikur hefst,“ segir Eiður Smári.

Í dag eru tvær vikur í að Ísland mæti Portúgal í St. Étienne í Frakklandi, í fyrsta leik sínum á Evrópumeistaramótinu.

eirikur@frettabladid.is

BÖKUÐ SAMKVÆMT ALDAGAMALLI FRANSKRI HEFÐ

MYLLAN

NÝTT

# BRIOCHE

## PYLSUBRAUÐ

Góð með öllu, bökuð samkvæmt hefð

*Prófaðu nýju **BRIOCHE** pylsubrauðin frá Myllunni*

# Hálfstökk að utan - dúnmjúk að innan

Íslenska pylsan fær loks franskan hefðarfélaga í Brioche pylsubrauði frá Myllunni. Prófaðu dúnmjúka Brioche pylsubrauðið, bakað úr íslensku hráefni samkvæmt aldagamalli franskri hefð. Brioche pylsubrauðið er hálfstökkt að utan, dúnmjúkt að innan og bakað úr íslensku smjöri og eggjum. Prófaðu að grilla pylsu og setja hana í Brioche pylsubrauðið.

***Kauptu Brioche pylsubrauðið strax í dag.***




***BRIOCHE***
*Rík af eggjum og smjöri samkvæmt franskri hefð*




MYLLAN

Framleiðandi Myllan
Myllan | Skeifunni 19 | 108 Reykjavík | Sími 510 2300

## ✝ Alyson Bailes



**In memory of Alyson Bailes, (6th April 1949 – 29th April 2016)**

It is with great sorrow that we acknowledge the loss of our dear friend and fellow Rotarian, Alyson Bailes.

Alyson first joined Rotary Reykjavik International in 2009. Over many years of dedicated service to the community, she also contributed her time, knowledge and resources to a range of activities, within and beyond Rotary.

Alyson enlivened many discussions, introducing our Rotary club to a whole new world of expertise, often lending insightful and humorous commentary on current events. She also presented interesting speakers visiting from abroad and through the University.

But it was Alyson´s additional hobbies and talents that made her such a fascinating person. She loved singing and joined a choir wherever she lived. Her handwork, which included everything from exquisite Christmas cards, painted ceramics and knitting, was often donated for fundraising.

Alyson embodied the principle dear to Rotarians of “service above self.”

We all miss her.

**On Behalf of Rotary Reykjavík International,**
**Xavier Rodriguez**
**Thor Lawrence**
**Randver Fleckenstein**
**Pauline McCarthy**
**Paula Gould**
**Paul Richardson**
**Bala Kamallakharan**
**Anna Sigurðardóttir**
**Andreas Roth**

## ✝ Alyson Bailes



The passing of Alyson is a great loss. It was a privilege for us at the Reykjavik International School to have known her and had the pleasure of working with her. She was a diplomat, a scholar and a teacher; but above all a remarkable human being. Her wit and erudition marked by a deep desire to spread good will.

We will forever be thankful to Alyson for the experience and the advice she so generously shared. She demonstrated a deep understanding of education, which included a remarkable grasp of the practical challenges faced by educational institutions. Alyson was always ready with guidance or an opinion that would prove invaluable. She brought people together, she selflessly promoted dialogue and was keenly aware of the importance of reaching common ground. Alyson, a former trustee of the Oslo International School, instilled in us the importance of building networks, connecting to a broader world and learning from the experiences of others. To appreciate the small but not in isolation, to be inquisitive and inclusive. Reykjavík International School will host the Annual Conference and General Meeting of the Nordic Network of International Schools in Iceland this autumn in no small part because of her and in this spirit.

We will miss her counsel and friendship.

**On Behalf of The Reykjavík International School**
**Þórdís K. Pétursdóttir**
**Herdís Anna Þorvaldsdóttir**
**Andreas Roth**





**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**


✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Garðar Pétursson

Burknavöllum 1, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 26. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 3. júní kl. 15.00.

**Ragnheiður Víglundsdóttir**
**Laufey D. Garðarsdóttir** **Auðunn Einarsson**
**Daði Garðarsson** **Karólína Helga Símonardóttir**
**Jakob Jens** **Viktoría Líf**
**Alexander Máni** **Dagur Máni**
**Fjóla Huld** **Bríet Ýr**

✝



Okkar ástkæri

### Ásgeir Jensson

lést á heimili sínu á Nýja-Sjálandi 16. maí síðastliðinn. Útför hefur farið fram í Auckland. Minningarathöfn verður í Borgarneskirkju fimmtudaginn 2. júní kl. 14.00.

**María Jensson**
**Ólöf Geirsdóttir** **Þorvaldur Jósefsson**
**Guðlaug Örlaugsdóttir**
**Jósef Valgarð Þorvaldsson** **Gunnþórunn Ingólfsdóttir**
**Þórdís Margrét Þorvaldsdóttir** **Blængur Alfreðsson**
**og fjölskyldur.**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
fósturfaðir, afi og langafi,

### Árni Jóhannesson

mjólkurfræðingur,
Hjallalundi 18, Akureyri,

lést fimmtudaginn 26. maí á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri.

**Jóhannes Árnason** **Sólveig Þóra Jónsdóttir**
**Jónas Ingi Árnason**
**Sigurður Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

### María G.G. Ólafsdóttir

Þverfelli, Dalabyggð,

lést í Silfurtúni miðvikudaginn 25. maí. Úförin fer fram frá Staðarhólskirkju laugardaginn 4. júní klukkan 14.00.

**Margrét Jóhannsdóttir** **Þorgeir Ólafsson**
**Jón Jóhannsson** **Brynja Jónsdóttir**
**Ólafur Þór Jóhannsson** **Anna R. Hallgrímsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

### Brynjólfur Sveinbergsson

fyrrverandi mjólkursamlagsstjóri,
Hvammstanga,

lést miðvikudaginn 25. maí. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Vesturlands Hvammstanga. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 3. júní kl. 14.00.

**Brynja Bjarnadóttir**
**Sveinbjörg Brynjólfsdóttir** **Örn Gylfason**
**Bjarni Ragnar Brynjólfsson** **Erla Guðrún Magnúsdóttir**
**Hrafnhildur Brynjólfsdóttir** **Hrafn Margeirsson**
**og barnabörn.**

✝



Okkar ástkæra

### Andrea Ágústa Halldórsdóttir

Espigerði 6, Reykjavík,

lést þann 11. maí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur**

✝



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,

### Ulla Magnússon

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 27. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 2. júní. kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS barnaþorpin.

**Jón Glúmur Magnússon** **Stefanie Magnússon**
**Max Magnússon** **Sara Magnússon**

♡



Elsku hjartans ljúfa barnið
okkar, systir, mágkona,
móðursystir og barnabarn,

### Regína Sif Marinósdóttir

Lindasmára 93,

sem varð bráðkvödd á heimili sínu þann 22. maí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Digraneskirkju, miðvikudaginn 1. júní kl. 11.

**Marinó Björgvin Björnsson** **Guðbjörg Birkis Jónsd.**
**Jón Ragnar Birkis Marinósson** **Rebekka Rut Marinósd.**
**Þorbjörg Alda Birkis Marinósd.** **Karl Sigurðsson**
**Regína Birkis Karlsdóttir**
**Regína Birkis** **Guðberg Haraldsson**

✝



Ástkæri maðurinn minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Kolbeinn Gunnarsson

lést mánudaginn 9. maí á LSH, Landakoti, eftir skammvinn veikindi. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sjöfn Gunnarsdóttir**
**Gunnar Kolbeinsson** **Greta Sövik**
**Lilja Dóra Kolbeinsdóttir** **Nelson Vaz da Silva**
**Martine, Markus, Elias, Agnes og Arndís Amina**

# MARGVERÐLAUNUÐ NÝ VÍTAMÍNLÍNA

**Artasan kynnir** Natures Aid er fjölskyldufyrirtæki í Preston á Englandi sem hefur framleitt hágæða vítamín og bætiefni í meira en 30 ár. Það er eitt vinsælasta merki Bretlands þegar kemur að vítamínum, jurtalyfjum og bætiefnum og er fjöldi þeirra verðlaunaður fyrir gæði. Framleidd eru efni bæði fyrir börn og fullorðna og eru þau seld í yfir 30 löndum.

## NATURES AID – GÆÐI Í GEGN

Framleiðsla Natures Aid snýr eingöngu að vítamínum og ýmsum bætiefnum fyrir börn og fullorðna. Nokkrar mismunandi línur er um að ræða sem allar eiga það sameiginlegt að vera af góðum gæðum og er framleiðslan öll með GMP-vottun. „Stöðug vöruþróun hefur verið lykillinn að velgengni fyrirtækisins og hafa margar vörur verið verðlaunaðar sérstaklega fyrir framúrskarandi gæði. Natures Aid hefur einnig sínar eigin rannsóknarstofur þar sem vörur eru gæða- og styrkleikaprófaðar í 21 skipti gegnum framleiðsluferlið, alveg frá því að hráefnið kemur í hús og þar til varan er komin í endanlegt form,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

Vörurnar eru ekki prófaðar á dýrum og henta flestar þeirra grænmetisætum. Einnig er tryggt að samsetning efnanna og gæði þeirra skili sér í hámarksupptöku í líkama okkar.

## LAUS VIÐ SYKUR, LÆGRI BLÓÐÞRÝSTINGUR OG AUKIN ORKA

„Þessar lýsingar höfum við margoft heyrt í tengslum við Natures Aid-vörurnar en margar þeirra eru Íslendingum vel kunnar. Þar er helst nefna Raspberry Ketones sem hefur verið eitt mest selda



> Stöðug vöruþróun hefur verið lykillinn að velgengni fyrirtækisins.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir

þyngdarstjórnunarefnið á Íslandi síðastliðin ár og Organic Beetroot eða lífrænt rauðrófuduft í hylkjum sem er að hjálpa fólki gríðarlega, sérstaklega í tengslum við lækkun á blóðþrýstingi og kólesteróli, aukna orku við æfingar og gegn hand- og fótkulda,“ segir Hrönn.

## LÍFRÆNT VOTTAÐ OFURFÆÐI – FULLKOMIN FÆÐUBÓT

„Í byrjun árs setti fyrirtækið á markað gríðarlega öfluga línu af lífrænt vottuðu ofurfæði en ofurfæði er samheiti yfir náttúrulega næringu sem er gríðarlega rík af næringarefnum en á sama tíma mjög hitaeiningasnauð. Macaduft, acaí-berjaduft og Spirulina eru þarna fremst í flokki og svo er hápunkturinn Ultimate Superfood eða hin fullkomna ofurfæðisblanda. Þarna er um að ræða blöndu af 31 efni sem samanstendur af jurtaefnum og andoxurum ásamt háu hlutfalli af vítamínum, steinefnum, ensímum og amínósýrum. Efni sem við mælum með fyrir alla því þarna fást öll þau næringarefni sem fullkomna heilbrigt mataræði. Það er einnig til í hylkjum og því afar auðvelt í notkun er fólk kýs að nota ekki duftið,“ upplýsir Hrönn.

## GRUNNVÍTAMÍNIN SEM ALLIR ÞURFA

Að sögn Hrannar eru flest vítamín og steinefni til staðar í matnum okkar. „Það getur hins vegar oft reynst þrautinni þyngra að vera með hollustuna á hreinu alltaf og svo hefur næringarinnihald ávaxta og grænmetis farið dalandi síðastliðin ár og áratugi. Gríðarlega öflug B-vítamínblanda, magnesíum eða C-vítamín er eitthvað sem flestir ættu taka á einhverjum tímapunkti og er þá svo sannarlega hægt að mæla með vörunum frá Natures Aid. C-vítamínið er tvenns konar, tímalosandi (time release) annars vegar og lágsýru (low acid) hins vegar sem hentar fullkomlega í viðkvæman maga.“

## JURTIR, RÆTUR, GRÖS OG ENSÍM

Natures Aid framleiðir fjölmörg bætiefni þar sem innihaldsefnin eru sótt í náttúruna en virkar jurtir og rætur hafa verið þekktar og notaðar í aldaraðir. „Hreint túrmerik (kúrkúmín) gegn bólgum eða blandað með engifer og bromelain til að styrkja meltinguna er meðal vinsælustu efnanna en línan inniheldur einnig ýmsar aðrar blöndur vítamína og jurta eða hrein jurtalyf sem hafa verið þekkt í aldaraðir fyrir jákvæð áhrif á hina ýmsu kvilla.“




Ultimate Superfood, eða hin fullkomna ofurfæðisblanda.




**Organic Beetroot** er lífrænt rauðrófuduft í hylkjum. Það hefur hjálpað fólki við að lækka blóðþrýsting og kólesteról, að auka orku við æfingar og virkað vel gegn hand- og fótkulda.






# ÖLL SPJÓT Á KOLVETNUM

**Foodloose-ráðstefnan** var haldin í síðustu viku en hún fjallaði um áhrif sykurs og einfaldra kolvetna á heilsuna. Þar var offitufaraldurinn í brennidepli og því velt upp hvort lýðheilsuráðleggingar samtímans ættu við rök að styðjast.

Fyrirferðarmest í umræðunni á Foodloose-ráðstefnunni sem haldin var í Hörpu í síðustu viku var svokallað insúlínviðnám sem augu manna beinast nú í auknum mæli að en fyrirlesarar ráðstefnunnar, sem eru ýmist starfandi læknar eða fræðimenn, eru sammála um að það sé ein mesta ógn við heilsu manna nú á dögum og eigi þátt í myndun flestra lífsstílssjúkdóma.

En hvað er insúlínviðnám eða insúlínmótsaða? Hjartalæknirinn Axel F. Sigurðsson, einn fyrirlesara ráðstefnunnar, útskýrir það með eftirfarandi hætti á heimasíðu sinni mataraedi.is: „Neysla kolvetna örvar losun insúlíns frá brisinu. Insúlín er hormón sem er nauðsynlegt til að frumur líkamans geti tekið upp glúkósa og nýtt hann sem orku. Til er ástand sem kallað hefur verið insúlínviðnám (insulin resistance) og er oft til staðar hjá einstaklingum sem eru of þungir. Þá þurfa frumurnar meira insúlín til að geta nýtt sér glúkósa sem orkugjafa. Insúlínviðnám er oft undanfari sykursýki af tegund 2. Insúlínviðnám leiðir til þess að insúlínmagn í blóði hækkar. Lifrin hefur meiri tilhneigingu til að umbreyta sykri í fitu og magn þríglýseríða hækkar í blóði. Þá hefur blóðþrýstingur tilhneigingu til að hækka og HDL-kólesteról (góða kólesterólið) lækkar. Þyngdaraukning fylgir og fita safnast um mittið. Rannsóknir benda til þess að bólguvirkni sé aukin við þessar kringumstæður. Aukin bólguvirkni er talin tengjast hækkuðu insúlínmagni í blóði, sykursýki af tegund 2 og hættunni á hjarta- og æðasjúkdómum.“

Axel sagði rannsóknir hafa sýnt að lágkolvetnamataræði og aukin fituneysla (þó ekki transfita) bæti alla þessa þætti.

### NÝTT ORSAKASAMHENGI

Rithöfundurinn Gary Tubes, sem hefur meðal annars skrifað bókina Why we get fat: And what to do about it, tók líka til máls á ráðstefnunni. Hann sagði það lengi hafa verið mat manna að óhóflegt át og hreyfingarleysi leiði til insúlínmótsöðu sem aftur leiði til offitu. Hann sagði það rangt. Hann sagði orsakasamhengið á þá leið að unnið korn, sterkja og sykur leiði af sér insúlínmótstöðu sem leiði til fitusöfnunar og offitu. Málið snúist með öðrum orðum um hvað sé étið en ekki hversu mikið og að hreyfing geti ekki leiðrétt áhrif lélegs mataræðis. Hann gagnrýndi fæðuráðleggingar síðari ára þar sem áhersla hefur verið á sem minnsta fitu og mikið af kolvetnum og sagði þær ekki á rökum reistar.

Tim Noaks, prófessor í heilsufræðum, sagði insúlínviðnám í sjálfu sér skaðlaust fyrirbæri en of mikið af kolvetnum breytir því hins vegar í skaðvald. Hann sagði offitu, sykursýki, hjartasjúkdóma og háan blóðþrýsting allt afleiðingar insúlínmótsöðu og sömuleiðis margar tegundir krabbameins svo fátt eitt sé nefnt. Hann sagði fólk hins vegar misviðkvæmt fyrir kolvetnum. Sumir þoli þau betur en aðrir.

Hann sagði holdafar þó ekki eina mælikvarðann og að ekki sé öruggt að grannir geti borðað eins



Gary Tubes, aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, sagði orsakasamhengið á þá leið að unnið korn, sterkja og sykur leiði af sér insúlínmótstöðu sem leiði til fitusöfnunar og offitu. Hann hefur m.a. skrifað bókina Why we get fat: And what to do about It.

mikið af kolvetnum og þeir vilja. Sjálfur er hann grannur maraþonhlaupari sem snemma greindist með insúlínmótstöðu sem hann heldur í skefjum með lágkolvetnafæði. Tim gaf út metsölubókina The real meal revolution árið 2013 þar sem áhersla er á fituríkt fæði í stað kolvetna. Í kjölfarið fylgdi bókin Raising superheroes sem er af svipuðum meiði nema hugsuð fyrir börn.

### STJÓRNVALDSAÐGERÐA ÞÖRF

Dr. Aseem Malhotra var á sama máli og fyrrnefndir fyrirlesarar og sagði mikla ábyrgð á herðum stjórnvalda sem þyrftu að draga úr aðgengi að sykruðum og mikið unnum matvörum, hækka skatta á slíkum matvörum og vinna að því að breyta viðhorfi í þeirra garð. Það hafi verið gert í sambandi við tóbak með góðum árangri.

Rithöfundurinn og matarbloggarinn Denise Minger talaði hins vegar til varnar lágfitumataræði sem er meira í ætt við lýðheilsuráðleggingar samtímans. Slíkt mataræði varð ofan á í kringum 1970 þegar menn fóru að tengja fituneyslu við hátt kólesteról og það síðan við hjarta- og æðasjúkdóma. Í dag virðist þetta orsakasamhengi ekki eins augljóst og nýjar rannsóknir sýna þvert á móti að fituríkt mataræði dragi úr hættunni, ólíkt kolvetnaríku fæði. Minger benti þó á nokkrar rannsóknir lágfitumataræði til stuðnings og velti því upp hvort miklar öfgar í báðar áttir væru kannski ekki lausnin. Það að blanda öllu saman, líkt og nútímamaðurinn gerir, væri mögulega helsti vandinn.

Hvar sem sannleikurinn liggur má fagna því að læknar og fræðimenn láti sig málið varða. Heimsbyggðin stendur frammi fyrir mikilli ógn. Offita og sykursýki 2 vex með miklum hraða um allan heim. Bandaríkin eru þar fremst í flokki en þar dregur offita og sykursýki 2 tvo af hverjum þremur Bandaríkjamönnum til dauða.

vera@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429





Ný heyrnartæki og fjölbreytt úrval af þráðlausum aukabúnaði.

Heyrðu umskiptin og fáðu heyrnartæki til reynslu.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur | Sími 534 9600 | Heyrn

# TAKTU ÞÁTT Í LÍFINU

**Heyrn kynnir** Heyrnarskerðing hrjáir marga Íslendinga. Miklu máli skiptir að bíða ekki með það að leita sér aðstoðar hjá fagfólki.

Að meðaltali líða um sjö ár frá því fólk verður vart við eigin heyrnarskerðingu þar til það leitar sér hjálpar hjá fagfólki. Það er allt of langur tími, segir Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn, sem bendir á að enginn myndi láta það líðast að bíða í sjö ár eftir að fá sér gleraugu ef sjóninni væri farin að hraka. „Góð heyrn skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli í samskiptum við annað fólk. Sá sem er heyrnarskertur er þannig stöðugt á varðbergi kringum annað fólk og samtöl geta verið slitrótt þegar stöðugt er verið að biðja viðmælandann um að tala hærra eða endurtaka hvað hann sagði. Það skiptir svo miklu máli að mæta sem fyrst í heyrnargreiningu og fá úrlausn sinna mála hjá fagaðilum. Það á ekki að bíða með að heyra vel til elliáranna heldur taka þátt í lífinu núna.“

Heyrnarskerðing er mun algengari en flestir halda en um 30 prósent fólks á aldrinum 40-65 ára eru heyrnarskert, að sögn Ellisifjar, og missa þannig af ýmsum hljóðum sem gefa lífinu gildi. „Það er alltaf stór hluti fólks sem áttar sig ekki á eigin heyrnarskerðingu. Þannig getur t.d. kulnun í starfi eða þreyta í lok vinnudags verið slæmri heyrn að kenna. Þótt viðkomandi hafi heyrnarskerðingu heyrir hann auðvitað eitthvað þótt allt hljóðrófið heyrist ekki. Þar sem er t.d. mikið skvaldur í margmenni getur verið erfitt að halda uppi samræðum þar sem tal viðmælanda og önnur hljóð í rýminu renna saman í eitt. Þá er hætt



„Góð heyrn skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli í samskiptum við annað fólk," segir Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn. MYND/ANTON BRINK

> Það er alltaf stór hluti fólks sem áttar sig ekki á eigin heyrnarskerðingu. Þannig getur t.d. kulnun í starfi eða þreyta í lok vinnudags verið slæmri heyrn að kenna.
>
> Ellisif Katrín Björnsdóttir

við að viðkomandi detti út og virki utan við sig.“

Hjá Heyrn í Kópavogi starfar heyrnarfræðingur með löggildingu frá Svíþjóð. Þar er boðið upp á faglega heyrnargreiningu og ráðgjöf varðandi heyrnarskerðingu og aðstoð við val á heyrnartækjum. „Hægt er að fá heyrnartæki til reynslu til að átta sig á hvaða heyrnartæki henti best en algengt er að fólk prófi mismunandi tegundir til samanburðar á virkni tækjanna.“

Heyrn býður upp á heyrnartæki frá framleiðandanum ReSound sem er fremstur í flokki þegar kemur að þróun og heildarlausnum fyrir heyrnarskerta. „Þannig eru heyrnartækin og snjalltækið tengt þar sem hægt er að streyma hljóð og sníða það að þörfum hvers og eins.“

**Nánari upplýsingar má finna á www.heyrn.is þar sem má taka stutt heyrnarpróf og fá í kjölfarið fría heyrnargreiningu.**

# Vörubílar og vinnuvélar

31. maí 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Aflvélar | Brimborg | Vélafl | Bílasmiðjan | Hekla | Kraftur | Kraftvélar | Smákranar





**Andrés Vilhjálmsson sölustjóri og Friðrik Ingi, framkvæmdastjóri Aflvéla, við nýjan sóp tilbúinn til afhendingar.** MYND/ANTON BRINK

## Meira vöruúrval og aukin þjónusta

Aflvélar hafa að undanförnu bætt við sig umboðum sem gerir vöruúrvalið hjá fyrirtækinu enn þéttara og þjónar það nú allt frá minni notendum til stærstu notenda vinnuvéla. Til að gera þjónustu við viðskiptavini betri hefur verið bætt við starfsfólki í söludeild Aflvéla.

Stærsta vörumerki Aflvéla til margra ára er Aebi-Schmidt sem er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Sviss. Frá þeim hafa Aflvélar selt flugbrautarsópa, snjótennur, undirtennur, götusópa, gangstéttarsópa, salt- og sanddreifara, snjóblásara og sláttuvélar. „Við hjá Aflvélum höfum tekið við umboði fyrir Aebi-Schmidt á Grænlandi og nú þegar afgreitt nokkrar vélar þangað,“ segir Friðrik Ingi Friðriksson, framkvæmdastjóri Aflvéla.

### Nýir liðstýrðir bílar

Aebi – Schmidt hefur keypt nokkur fyrirtæki í greininni, þar á meðal Tellefsdal frá Noregi og Meyer frá Bandaríkjunum og eru vörur þeirra nú hluti af vöruúrvali Aflvéla. „Við höfum bætt við Holder-bílunum frá Þýskalandi við úrvalið hjá okkur. Það eru sérhæfðir liðstýrðir bílar fyrir bæjarfélög, verktaka og golfvelli. Á þessa bíla er hægt að setja fjöldann allan af aukahlutum svo sem sláttuvélar, snjóblásara, snjótennur, salt- og sanddreifara, gangstéttarsóp, gervigrasþvottavélar og háþrýstivélar svo eitthvað sé nefnt.“

### Fjölplógar slógu í gegn

Þegar kemur að vegagerð bjóða Aflvélar ATC malbikskassana frá Þýskalandi sem eru að sögn Friðriks afar hentugir til holufyllinga og viðgerða á malbiki og eru þeir til í stærðum frá 2,5 til 20 tonn. Þá má nefna Pronar frá Póllandi. „Þeir eru með sterka og viðurkennda vagna fyrir dráttarvélar og gröfur, þar með talið malarvagna, heyvagna, krókheysvagna og fleira. Síðastliðinn vetur seldu Aflvélar marga fjölplóga frá Pronar sem sannarlega slógu í gegn vegna nýrrar hönnunar þeirra þar sem slitblað fjölplógsins er þrjátíu gráður við jörðu og léttir því vinnuna mikið við snjóruðning auk þess að spara eldsneyti. „Þar að auki seldum við tölvert magn af salt- og sanddreifurum og sópum frá þeim á dráttarvélar, pallbíla og vörubíla,“ lýsir hann.




**Holder-bíll með sláttuvél á grasi. Á þessa bíla er hægt að setja fjöldann allan af aukahlutum svo sem sláttuvélar, snjóblásara, snjótennur, salt- og sanddreifara, gangstéttarsóp, gervigrasþvottavélar og háþrýstivélar svo eitthvað sé nefnt.**



**Þegar kemur að vegagerð bjóða Aflvélar ATC malbikskassana frá Þýskalandi sem eru að sögn Friðriks afar hentugir til holufyllinga og viðgerða á malbiki og eru þeir til frá 2,5 tonnum upp í 20 tonn.**



**Vörubíll með sanddreifara og snjótönn.**

### Betri þjónusta

Nýtt vörumerki hjá Aflvélum er Sami frá Eistlandi en þeir bjóða flaghefla, sópa, fjölplóga og sanddreifara á dráttarvélar í mörgum stærðum og segir Friðrik það vera sterkar vörur á góðu verði. „Aflvélar bjóða nú slitblöð á snjótennur frá fjórum birgjum, helsta vörumerkið er Kuper frá Þýskalandi sem sérhæfir sig í karbítslitblöðum sem eru greypt í gúmmí þannig að endingin er margföld og eru miklu hljóðlátari en venjuleg slitblöð.“

Aflvélar flytja inn mikið magn af burstum fyrir vélsópa í öllum stærðum, allt frá litlum vélum upp í stærstu flugbrautarsópa frá Weber sem er einn fremsti framleiðandi á þessu sviði. „Aflvélar selja einnig skólphreinsunarbíla frá Fico í Finnlandi og er einn stærsti bíllinn frá þeim að koma til landsins eftir nokkra daga. Þar að auki bjóðum við hjá Aflvélum tæki frá Cleanfix í Sviss, sem eru gólfþvottavélar, ryksugur, teppahreinsivélar, sópar og gufuvélar. Það nýjasta frá þeim er RA 660 Navi sem er stór sjálfvirkur róbót til skúringa.“ Í söludeild Aflvéla hefur verið bætt við mannskap til að auka þjónustuna. Auk þess hefur fyrirtækið fest kaup á sérhæfðum greiningartölvum fyrir vökvakerfi og ökutæki til að auka tækniþjónustuna enn frekar.

# Bræðurnir á Jakanum

Kranastjórarnir **Arngrímur** og **Sverrir Benjamínssynir** hafa starfað hjá Eimskip í samtals níutíu ár. Þeir hafa stjórnað Jakanum frá því hann kom til landsins árið 1984. Blaðamaður og ljósmyndari fengu að líta í heimsókn og kynna sér starf þeirra bræðra.


Stjórnendur kranans horfa niður í gegnum gegnsætt gólfið. MYNDIR/ANTON BRINK

> **Svo hefur kraninn stundum vit fyrir okkur, hættir sjálfur.**
> *Arngrímur Benjamínsson*

Við hittum Arngrím í Jakahöllinni en svo kallast kaffistofa starfsmanna Eimskips á hafnarbakkanum. Hann heilsar okkur kumpánlega. „Ég hef unnið hjá Eimskip frá árinu 1970, byrjaði hér sextán ára,“ upplýsir hann meðan hann setur KR-húfu á kollinn en hún er fastur hluti af einkennisbúningi kranamannsins. Blaðamanni reiknast til að starfsferillinn spanni því 46 ár. „Jú, það getur passað,“ segir Arngrímur og réttir blaðamanni og ljósmyndara hanska því eitthvað þarf að klifra í Jakanum, en svo heitir kraninn sem ætlunin er að fara upp í. Sumir vilja meina að kraninn heiti eftir Guðmundi Jaka verkalýðsforingja.

Kvíði fyrir tröppugangi víkur snarlega fyrir kvíða fyrir lofthræðslu. „Ég nenni ekki að labba upp, við látum hífa okkur upp í þetta skiptið,“ segir Arngrímur en við stjórnvölinn í Jakanum situr Sverrir, bróðir Arngríms, sem hefur unnið hjá Eimskip einu ári skemur en bróðirinn. Hann lætur pallinn síga og þremenningarnir stíga um borð. Við lyftumst upp og lítum yfir grámuggulegan himininn yfir Reykjavík og Faxaflóa. Þegar upp er komið þarf að stíga yfir það sem blaðamanni virðist ginnungagap en fljótlega erum við komin í öryggið inni í stjórnklefanum. Gegnsætt glergólfið er eilítið ógnvekjandi en það er nauðsynlegt svo kranamennirnir geti fylgst með því sem þeir eru að gera.

Verða þeir aldrei lofthræddir? „Nei, þá væri ég hættur,“ segir Arnrímur glettinn og upplýsir að þeir bræður hafi unnið á Jakanum frá því hann kom til landsins árið 1984. „Við vorum alltaf fjórir á honum og unnið á vöktum. Svo komu þessir nýju kranar og núna vinnum við bara tveir á honum á dagvöktum, þó stundum lengur þegar álagspunktar eru,“ segir hann en þennan dag er einmitt slíkur dagur, þeir byrjuðu klukkan sex um morguninn og verða eitthvað fram á kvöld. Arngrímur bendir á nýjasta kranann sem stendur við hlið Jakans. „Þetta er Grettir, hann er bara nokkurra mánaða gamall.“

Sverrir hvetur ljósmyndarann til að fara út á glerið. „Það er alveg óhætt, þetta er óbrjótanlegt gler,“ segir hann, stappar á glugganum og vippar síðan einum upp en járnrimlar eru fyrir neðan. „Þetta búr er nýlegt og frá Ítalíu,“ segir hann en upplýsir að sjaldan verði svo heitt í búrinu að opna þurfi gluggann. Vandinn sé frekar á hinn veginn að það verði kalt á veturna.

En í hverju felst vinnan? „Bara að færa til gáma,“ segir Sverrir og finnst greinilega lítið til koma. En er þetta ekki nákvæmnisvinna? „Jú, stundum,“ svarar hann og bendir á að nú séu margir nýir bílstjórar að vinna og því stundum dálítill vandi að hitta rétt á flutningabílana.

Veðrið er stillt þennan dag en þeir bræður segja stundum verða dálítil læti þegar veður eru vond. „Ef það verður mjög vont þá vinnum við ekki,“ segir Arngrímur og bendir á vindhraðamæli sem sýnir hnúta. „Svo hefur kraninn stundum vit fyrir okkur, hættir sjálfur,“ segir hann og brosir.

Þeir eru inntir eftir því hvort eitthvað hafi komið upp á á þeirra langa ferli. „Kraninn hefur fokið til á sporunum þegar veður hefur verið mjög vont. Þá slitnaði einu sinni bómuvír en fallið var stutt svo það fór vel,“ segir Arngrímur meðan Sverrir miðar einum gáminum niður á flutningabíl fyrir neðan. Hann er einbeittur á svip þegar hann horfir niður í gegnum glerið. Fáið þið ekki í hálsinn af þessu? „Jú, þetta er vöðvabólguhvetjandi. Þið munið þekkja okkur


Arngrímur og Sverrir hafa unnið á Jakanum í 32 ár.


Arngrímur með KR-húfuna góðu en Sverrir bróðir hans stjórnar krananum í boxinu fyrir neðan.

sem gömlu karlana með herðakistlana þegar við hættum að vinna,“ segir Sverrir og skellir upp úr.

Þeir segjast skipta deginum á milli sín enda erfitt að halda einbeitingu lengur en í einn til einn og hálfan tíma í einu. „Við erum með ákveðið kerfi og svo skiptumst við á að hífa hvor annan upp. En við þurfum hins vegar að labba upp á morgnana og í hádeginu,“ segir Arngrímur. Eru þeir þá ekki í ágætis formi? „Nei,“ segir þeir í kór og hlæja.

Nú er tregum blaðamanninum ýtt í stjórnunarsætið til að prófa að hífa. Það gengur heldur stirðlega enda truflar glæsilegt útsýnið til allra átta. Við ferðumst yfir nýjasta gámaskip Eimskips, Lagarfoss, og lengra yfir sjóinn. Það er svitinn farinn að perla á enni blaðamannsins sem er stundinni fegnastur þegar hann fær að rísa úr sætinu og eftirláta það fagmönnunum.

Við kveðjum Sverri og klífum hærra, upp um lúgu og inn í heila Jakans þar sem rafmagnstenglar og töflur og mælar þekja alla veggi og heyrast í þeim smellir og brestir.

Enn hærra er farið og nú erum við úti, horfum yfir hafið á Viðey. Arngrímur segist öðru hvoru fá til sín ljósmyndara sem sækist eftir því að fá að taka myndir úr krananum. Inntur eftir því hvort það sé ekki góð leið til að afla tekna að selja aðgang til ferðamanna kímir hann. „Þá fengjum við líklega lítinn vinnufrið.“

Stundum hafa þó verið gerðar undantekningar. „Það var einu sinni strákur sem bjó í húsunum hér fyrir ofan og ólst upp við að fylgjast með krönunum að störfum. Hann átti alltaf þann draum heitastan að fá að koma upp í kranann. Síðan þegar hann var tvítugur og átti kærustu sagði hann henni frá þessum draumi. Hún hafði samband við okkur og gaf honum það að gjöf að koma í heimsókn og fara upp í kranann. Það var skemmtilegt að sjá gamlan draum rætast.“

solveig@365.is





VARAHLUTIR FYRIR:
Benz • Iveco • Renault
Man • Scania • Volvo
Vagna • Langferðabíla

TOPA
Smurstöðvar
Feitisstaukar

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is


ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson






# FLOTASTJÓRINN

Hvort sem þú ert með einn bíl eða 1.000 þá er Flotastjórinn lausnin. Flotastjórinn er upplýsingakerfi fyrir bílaflota fyrirtækja sem stuðlar að bættu aksturslagi og lækkar kostnað með minni eldsneytisnotkun, minna sliti á ökutækjum og lægri tjónatíðni.





# ÞJÓNUSTUBÓKIN

Þjónustubókin er kerfi sem heldur utan um allt viðhald ökutækisins og minnir á að það sé gert tímanlega.

Þú stillir upp í eitt skipti og kerfið sér um rest.

**Útbúðu áætlun um allt viðhald ökutækisins**

- Ábyrgðarskoðanir
- Lögbundin ökutækjaskoðun
- Smurning
- Dekkjaskipti
- Almenn viðgerð

www.at.is





› Upplýsingar í rauntíma
› Fullkomin yfirsýn án fyrirhafnar
› Lykiltölur fyrir reksturinn





Arctic Track ehf. | Skeifan 8 | 108 Reykjavik | Sími: 563 7700 | adstod@at.is | www.at.is

AT ARCTIC TRACK




**Blóðbankabíllinn er keyrður rúmlega 101 þúsund kílómetra. Bilanatíðni hans hefur verið mjög mikil undanfarin ár.**

# Fullbúinn vinnustaður á hjólum

Blóðbankabíllinn er vel skipulagður og þar er góð vinnuaðstaða þrátt fyrir að þar sé minna rými en á hefðbundnum vinnustöðum. Starfsfólk bílsins var með í ráðum við hönnun innréttinga en kominn er tími til að endurnýja bílinn enda hefur viðgerðarkostnaður verið hár.

Blóðbankabíllinn var tekinn í notkun í október 2002 en Rauði kross Íslands gaf bílinn fullbúinn öllum tækjum og kostaði hann 32 milljónir króna. Bíllinn er frá Scania í Svíþjóð en yfirbygging og innréttingar eru frá Finnlandi. Blóðbankabíllinn er á ferðinni þrjá daga í viku og fer hann á stærri vinnustaði og skóla á höfuðborgarsvæðinu, síðan fer hann einu sinni í mánuði á Selfoss, Reykjanesbæ og Akranes. Farið er í Borgarnes og Grindavík á fjögurra til fimm mánaða fresti og tvisvar á ári á Norðurland og Snæfellsnes.

## Vel skipulagður vinnustaður

„Bíllinn er þægilegur vinnustaður. Hann er mjög vel skipulagður að innan þannig að það er góð vinnuaðstaða hjá okkur,“ segir Hulda Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur og umsjónarmaður Blóðbankabíls. Þær Sigríður Ósk Lárusdóttir hjúkrunarfræðingur fóru til Svíþjóðar þar sem bíllinn er smíðaður til að skoða blóðbankabíla áður en bílinn var keyptur. Þær tóku það besta úr þeim bílum sem þær sáu og létu teikna innréttingarnar í bílinn sem notaður er hér.

Í Blóðbankabílnum eru fjórir blóðtökubekkir þannig að hægt er að afgreiða fjóra blóðgjafa í einu.



**Hulda Tryggvadóttir hjúkrunarfræðingur er umsjónarmaður Blóðbankabílsins.**
MYNDIR/ANTON BRINK



**Í Blóðbankabílnum eru fjórir blóðtökubekkir þannig að hægt er að afgreiða fjóra blóðgjafa í einu. Einnig er þar lítil kaffiaðstaða og eitt viðtalsherbergi.**

> **Þó það sé mikið að gera þá er virkilega gaman að hitta fólkið og einhvern veginn öðruvísi að vera í bílnum. Svo þegar við komum aftur og aftur á sömu staðina erum við farnar að kannast við fólkið og það er skemmtilegt.**
>
> *Hulda Tryggvadóttir*

Einnig er þar lítil kaffiaðstaða og eitt viðtalsherbergi þar sem tekið er á móti blóðgjöfum, spjallað við þá og farið yfir heilsufarssögu þeirra áður en þeir gefa blóð. „Í bílnum eru frá þremur upp í fimm hjúkrunarfræðingar og einn skrifstofumaður sem tekur á móti blóðgjöfum. Hér inni hafa verið alveg rúmlega tuttugu manns þegar mikið er að gera, til dæmis þegar við förum í skóla og út á land. Við höfum afgreitt alveg hundrað manns á dag en algengt er að það komi fimmtíu til sextíu manns úti á landi,“ útskýrir Hulda.

## Kannast við fólkið

Hjúkrunarfræðingar sem vinna í Blóðbankanum skiptast á að fara í Blóðbankabílinn og segir Hulda það vera skemmtilega tilbreytingu og sérstaklega sé gaman að fara út á land. „Þó það sé mikið að gera þá er virkilega gaman að hitta fólkið og einhvern veginn öðruvísi að vera í bílnum. Svo þegar við komum aftur og aftur á sömu staðina erum við farnar að kannast við fólkið og það er skemmtilegt,“ segir Hulda og brosir.

Blóðbankabíllinn er keyrður rúmlega 101 þúsund kílómetra. Bilanatíðni hans hefur verið mikil undanfarin ár og mikill kostnaður vegna viðgerða. „Okkur dreymir um að fá nýjan bíl og við myndum gjarnan vilja fá annan minni bíl sem væri með tvo bekki. Hann myndum við nota til að fara oftar út á land. Annars er það nýjung hjá okkur að fara til Vestmannaeyja og förum við í tvær ferðir þangað í vor. Svo er stefnt að því að fara til Ísafjarðar í lok sumars.“ **liljabjork@365.is**




Fjármögnun
er okkar fag
Arion banki fjármagnar kaup á nýjum og notuðum tækjum til atvinnurekstrar. Við bjóðum fjölbreyttar leiðir, trausta ráðgjöf og vinnum með öllum geirum atvinnulífsins.
Hafðu samband í síma 444 8800 eða sendu fyrirspurn á taeki@arionbanki.is.
Nánari upplýsingar á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina

# Gefandi að vera með fólki í fríi

**Adolf Ingi Erlingsson** er flestum kunnur af skjáum allra landsmanna en hann var íþróttafréttamaður hjá RÚV um árabil. Hann venti hins vegar kvæði sínu í kross og starfar nú hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Arctic Adventures og eyðir dögunum við akstur og leiðsögn ferðamanna.

„Það er nú lítil reynsla komin á þetta hjá mér, ég byrjaði í þessu fyrir rúmum tveimur vikum. Ég tók meiraprófið um daginn en stjórnendur Arctic Adventures hringdu í mig í vetur og sögðu mér að drífa mig í prófið, það vantaði menn til að keyra og gæda, þannig að ég, aldrei þessu vant, hlýddi bara,“ útskýrir Adolf.

> **Menn lyfta aðeins augabrúnum og velta þessu fyrir sér og sumir spyrja hvað maður sé eiginlega að þvælast.**
>
> *Adolf Ingi Erlingsson*

## Allir glaðir

Hann byrjaði á því að fara með vönum leiðsögumönnum í ferðir og lærði af þeim og las sér svo betur til um þá staði sem hann fer með ferðamenn á. „Sem betur fer er ég búinn að ferðast slatta sjálfur og er svona þokkalega að mér. Annars er ég að athuga með að fara í leiðsögunám í haust, mér er sagt að það sé skemmtilegt.“

Adolf hefur aðallega notað nítján manna Ford Transit til að keyra ferðamennina. „Það eru alltaf einhver ævintýri og hamagangur í þessu. Þetta er stórskemmtileg vinna og gaman að umgangast fólk frá mismunandi menningarheimum og með ólíkt hugarfar. Svo er afar gefandi að umgangast fólk sem er í fríi og er að skemmta sér, það eru allir glaðir,“ segir hann brosandi.

## Ekkert stress

Það vakti athygli vina og ættingja Adolfs þegar hann birti mynd af sér á Facebook á dögunum þar sem hann stóð fyrir framan gamla, gula skólarútu. „Þá var ég bara nýbyrjaður í nýju vinnunni. Þetta er gamall trukkur af vellinum sem var keyptur þegar Kaninn fór. Hann er notaður í „river rafting“ við Hvítá, fólkinu er troðið í þetta og svo er keyrt upp og niður með ánni,“ segir Adolf í léttum dúr. Hann bætir við að þetta sé ótrúlegt tæki. „Þú ferð fleiri áratugi aftur í tímann þegar þú sest undir stýri á þessu og það er eiginlega fyndið að keyra þetta. Maður fílar sig rosalega „macho“. Það eru ekki mikil nútímaþægindi í rútunni, til dæmis var svo kalt í morgun að ég ætlaði að kveikja á miðstöðinni. Þegar ég leitaði að fann ég hana ekki af því hún er ekki til staðar. Og hljóðin í þessu, maður heyrir ekkert í fólki eða í útvarpi eða neinu.“

Spurður að því hvort ekki sé stressandi að keyra svo stóra bíla með mörgum farþegum segir Adolf það ekki vera. „Ég er búinn að vera með bílpróf í allt of mörg ár og búinn að keyra alveg gríðarlega mikið þannig að þetta er lítið mál. Maður þarf jú aðeins að venjast stærðinni á sumum bílunum en ég hef alltaf haft gaman af því að keyra og mér finnst þetta bara fínt. Það er ljúft að keyra flesta þessa bíla og lítið mál, góð sætin í þeim og það fer vel um mann.“




**Það vakti athygli vina og ættingja Adolfs þegar hann birti þessa mynd af sér á Facebook á dögunum. „Þetta er gamall trukkur af vellinum sem var keyptur þegar Kaninn fór. Hann er notaður í „river rafting“ við Hvítá.“**

## Hvað ertu að þvælast?

Adolf segist sjá fram á að vera áfram í ferðaþjónustubransanum um óákveðinn tíma. Hann viðurkennir að hafa fengið fyrirspurnir þegar hann birtist með hópana sína í hinum og þessum vegasjoppum um landið. „Jú, menn lyfta aðeins augabrúnum og maður sér að fólk veltir þessu fyrir sér og sumir spyrja hvað maður sé eiginlega að þvælast. En einhvers staðar verður maður að vinna og þetta er það sem ég fæst við núna og þetta er bara þrælskemmtileg og fín vinna. Svo er líka betur borgað í þessu en hjá fjölmiðlunum,“ segir hann hlæjandi. **liljabjork@365.is**


Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans



**Landsbankinn býður fyrirtækjum** hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Spennandi tímar hjá Volvo atvinnutækjum Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg fer með umboð Volvo atvinnutækja frá Volvo AB í Svíþjóð. Þar ber að nefna Volvo CE vinnuvélar, Volvo Trucks vörubifreiðar, Volvo Bus hópferðabifreiðar, Volvo Penta bátavélar og Renault Trucks vörubifreiðar. Nýtt húsnæði er í vinnslu á Hádegismóum.**

Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs hjá Brimborg, segir alla framleiðslu Volvo atvinnutækja undir ströngum gæðakröfum. Megingildin í hönnun og framleiðslu eru gæði, öryggi og umhyggja fyrir umhverfinu. Spennandi tímar séu fram undan hjá fyrirtækinu.

### Á nýjum stað í Hádegismóum 8

„Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar hefur stækkað talsvert að umfangi undanfarin misseri auk annarra rekstrareininga innan Brimborgar. Brimborg hefur fengið úthlutað lóð í Hádegismóum 8, við hlið Morgunblaðsins, og er hönnunarferli hins nýja húsnæðis undir Volvo atvinnutæki langt komið. Markmiðið er að útbúa framúrskarandi aðstöðu er snýr að þjónustu við atvinnutæki, stór sem smá, þar sem rík áhersla er lögð á bætta nýtingu fermetra og gott flæði starfseminnar fyrir viðskiptamenn og starfsfólk. Nánasta umhverfi er alveg frábært hvað útiveru og náttúru varðar auk þess sem aðkoman að Hádegismóum er til fyrirmyndar. Eru því án efa spennandi tímar fram undan hjá okkur,“ segir Kristinn Már.

### Volvo FH fær frábæra dóma

„Það ber að þakka þær frábæru móttökur sem nýja Volvo FH vörubifreiðin hefur fengið hjá okkar viðskiptamönnum,“ segir Kristinn. „Nær undantekningarlaust eru þeir atvinnubílstjórar sem setjast undir stýrið á nýjum Volvo FH ótrúlega sáttir við vinnuumhverfið í Volvo FH. Höndlun vörubifreiðarinnar frábær, útsýnið mjög gott, ásetan við stýrið framúrskarandi og nýr hjálparstýrisbúnaður VDS eða Volvo Dynamic Steering er einstakur. VDS hjálparstýrið gerir það að verkum að jafnvel þó bíllinn sé fulllestaður er hann ótrúlega rásfastur, léttur og þægilegur í stýri og ójöfnur og slæmir vegir leiða síður gegnum stýrið upp í axlir bílstjórans.“

Nýverið kynnti Volvo Trucks til sögunnar nýjan milligír/skriðgír sem hægt er að fá í Volvo FH vörubifreiðina. Með honum er mun auðveldara að taka af stað með þungt hlass og við mjög erfiðar aðstæður. Á Facebook-síðu Volvo atvinnutækja má sjá áhugavert myndband, Volvo Trucks vs 750 tonnes, þar sem Volvo FH16 750 hestafla vörubifreið með Crawler gear tekur af stað með 750 tonna þungan farm.

### Öflugar og eyðslugrannar

Talsverð aukning hefur verið á nýskráningum á nýjum Volvo vinnuvélum og sem dæmi kom nýverið til landsins Volvo EC380E HR sem er fyrsta Volvo beltagrafan sem er sérútbúin fyrir niðurrif á byggingum. „Vélin var pöntuð fyrir ABL Tak ehf. sem sérhæfir sig í niðurrifi á eldra húsnæði. Vélin er allt að 52 tonn að þyngd og verður afhent á næstu dögum. Komum við án efa til með að fjalla betur um þessa flottu Volvo vinnuvél þegar hún er komin í fulla vinnu,“ segir Kristinn.

### Volvo Bus með flottari rútum

Volvo Bus rútur eru í dag orðnar töluvert sýnilegri á vegum landsins en fyrir nokkrum árum,“ segir Kristinn. „Undanfarin fjögur ár hafa bæst við Volvo rútuflota landsins rúmlega tuttugu hópferðabifreiðar, bæði nýjar og notaðar. Hópferðabifreiðarnar frá Volvo hafa yfir sér fágað yfirbragð. Hönnunin er stílhrein og hugguleg. Nýverið bættist nýtt fyrirtæki við í Volvo rútueigendaflota landsins þegar Teitur Jónasson ehf., fékk afhenta nýja Volvo 9500 59 sæta rútu.

Tvær nýjar rútur eru nú til á lager, annars vegar Volvo 9900 12,3 m, stórglæsileg 4x2 49 sæta hópferðabifreið og hins vegar Volvo 9500 13,1 m, vel útbúin 57 sæta hópferðabifreið. Áhugasömum er bent á að kíkja í kaffi eða hafa samband,“ segir Kristinn.

### Þétt þjónustunet

Volvo Penta á Íslandi óskar landsmönnum til hamingju með sjómannadaginn á sunnudaginn.

„Volvo atvinnutækjasvið hefur þétt þjónustunetið við Volvo Penta eigendur, hringinn í kringum landið og hefur það mælst vel fyrir hjá útgerðaraðilum og smábátaeigendum. Upplýsingar um þjónustu og samstarfsaðila okkar má nálgast inni á heimasíðunni www.volvopenta.is. Í lok apríl fóru þjónustuaðilar og eigendur Volvo Penta bátavéla til Svíþjóðar og sóttu Volvo Penta heim. Hópurinn fékk að sjá hvernig framleiðslunni er háttað og prófa VP vélbúnað í Krossholmen nálægt Gautaborg. Þar starfa hátt í 30 manns við prófanir á vélbúnaði og öðrum búnaði er tengist framleiðslu Volvo Penta. Þetta var skemmtileg og áhugaverð ferð sem skilur eftir góðar minningar,“ segir Kristinn.

### Laus störf

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar leitar nú að öflugum liðsfélögum til að taka þátt í framtíðaruppbyggingu Volvo atvinnutækjasviðs. Markmiðið er að verða: „Eitt besta þjónustufyrirtæki landsins við atvinnutækjageirann.“ www.volvotrucks.is, Laus störf í boði.

**Nýtt símanúmer Volvo atvinnutækja er 515 7070.**



**Frá vinstri: Þórarinn Vilhjálmsson, Gunnar Hjálmarsson, Ólafur Árnason og Kristinn Már Emilsson frá Brimborg.** MYND/ANTON BRINK



**Brimborg hefur fengið úthlutað lóð að Hádegismóum 8, við hlið Morgunblaðsins, og er hönnunarferli hins nýja húsnæðis undir Volvo atvinnutæki langt komið.** MYND/BRIMBORG



**Volvo 9900 hópferðabifreið, flaggskip Volvo Bus í rútum.** MYNDIR/BRIMBORG



**Volvo 9900 hópferðabifreið með lúxussætum.**



**„Bjarni Gunnarsson og Agnar Þór Sigurðsson fá hvor sinn Volvo FH16 750 hestafla dráttarbíl nú á næstu dögum,“ segir Kristinn.**

VOLVO

# Unnið að hertri löggjöf

Mörgum brá í brún í vetur þegar Kastljós birti umfjöllun um farsímanotkun atvinnubílstjóra undir stýri en einhverjir þeirra höfðu tekið upp þá iðju að taka farsímamyndbönd á ferð og senda sín á milli á Snapchat og Facebook. Innanríkisráðuneytið hefur síðan unnið að endurskoðun laga um farsímanotkun undir stýri í samstarfi við Samgöngustofu og ríkislögreglustjóra. Þeirri vinnu er þó ekki lokið.

Hvers kyns notkun farsíma undir stýri er lögbrot og er ljóst að atvinnubílstjórar bera þunga ábyrgð í umferðinni enda aka þeir um á stórum tækjum. Öllum er ljóst að myndbandsupptökur og önnur snjalltækjanotkun undir stýri skerðir athygli manna og því stofna bílstjórar sem slíkt gera lífi og limum annarra vegfarenda í hættu.

Í kjölfar umfjöllunarinnar kom fram að innanríkisráðherra hygðist kanna framkvæmd umferðareftirlits og eftirlits með farsímanotkun atvinnubílstjóra og finna leiðir til að draga úr farsímanotkun undir stýri. Einnig að endurskoða sektir fyrir slík brot og laga reglur að breyttum veruleika og snjalltækjanotkun í umferðinni. Að sögn Jóhannesar Tómassonar, upplýsingafulltrúa innanríkisráðuneytisins, stendur sú endurskoðun yfir í samstarfi við Samgöngustofu og ríkislögreglustjóra og er vonast til að hún klárist sem fyrst. „Í þeirri vinnu erum við meðal annars að horfa til Norðurlandanna og framkvæmdarinnar þar."

Að sögn Gunnars Geirs Gunnarssonar, deildarstjóra öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, hefur verið rætt um auknar heimildir lögreglu, hærri sektir og almennt harðari viðurlög. Hann segir vinnunni þó ekki lokið og að niðurstaða liggi því ekki fyrir.

„Þessa dagana er átakið Höldum fókus í gangi en það miðar þó mun frekar að ungu fólki en atvinnubílstjórum. Við erum hins vegar með það á teikniborðinu að fara í herferð gagnvart snjalltækjanotkun atvinnubílstjóra og þá helst í samstarfi við fleiri aðila, eins og einhvern stóran rekstraraðila og tryggingafélag."

Spurður hvort hann viti til þess að atvinnubílstjórar hafi brugðist við umfjölluninni innan sinna raða segir hann það erfitt að segja. „Það var þó öllum ljóst þegar umræðan um málið fór á netið að nær allir bílstjórar sem höfðu skoðun á umfjölluninni fögnuðu henni og gagnrýndu hegðunina. Þeir tóku því flestir undir það með okkur að þetta væri ólíðandi."

Í Kastljósi á sínum tíma kom fram að fjárframlög til umferðaröryggisáætlunar sem nýst höfðu til forvarnarmála hefðu verið felld úr fjárlögum þessa árs en í svari ráðherra í kjölfar þáttarins sagði að í nýrri samgönguáætlun yrði gert ráð fyrir framlögum til forvarna. Ekki liggur fyrir um hvaða fjárhæðir er að ræða en ný samgönguáætlun til fjögurra ára er að sögn Jóhannesar til meðferðar á Alþingi. „Þætti Samgöngustofu í þeirri vinnu er lokið og er hún nú í höndum samgöngunefndar Alþingis," segir Gunnar Geir. **vera@365.is**



**Rætt hefur verið um auknar heimilidir lögreglu, hærri sektir og almennt harðari viðurlög við farsímanotkun atvinnubílstjóra undir stýri.** NORDICPHOTOS/GETTY

Verktakar,
Iðnaðarmenn,
Húsbílaeigendur



Eigum til á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 3 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



55ár í þjónustu við bíleigendur!



LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Vorum að fá nýja sendingu!

Vinnuvéladekk og vörubíladekk, búkolludekk-hjólaskófludekk ofl.

Höfum einnig boddýhluti og ljós fyrir vörubíla.





**Halldór E. Sigurðsson klippir á borða við opnun á Borgarfjarðarbrúar.**

## Tafir á Borgarfjarðarbrú

Framkvæmdir við Borgarfjarðarbrú standa yfir og er aðeins önnur akreinin opin umferð sem stýrt er með ljósum. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki 20. júní. Meðan viðgerð stendur yfir má búast við umferðartöppum á álagstímum á brúnni. Þung umferð er um Borgarfjarðarbrú, sérstaklega um helgar. Ökumenn eru því beðnir að sýna þolinmæði og gefa sér tíma til ferðalaga.

Borgarfjarðarbrúin var vígð í september 1981. Það var Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi samgönguráðherra, sem barðist fyrir að brúin yrði byggð. Vann hann að undirbúningi þess í meira en áratug. Brúargerðin hófst árið 1975 og henni lauk að mestu árið 1979. Þegar brúin var formlega vígð árið 1981 voru liðin 23 ár frá því Halldór hóf fyrst baráttu sína fyrir málinu á Alþingi.

Myndin sýnir Halldór klippa á borðann við formlega opnun brúarinnar.

**» Borgarfjarðarbrúin var vígð í september 1981. Það var Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi samgönguráðherra, sem barðist fyrir því að brúin yrði byggð.**





# Vito og Citan, hörkuduglegir vinnufélagar

Mercedes-Benz þekkir vel þarfir og kröfur atvinnulífsins um öfluga, sparneytna og fjölhæfa vinnubíla. Vito og Citan fást báðir útfærðir sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabílar og ótal möguleikar eru á að laga þá að sérstökum þörfum.

Með Mercedes-Benz Vito og Citan fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka sem eflir reksturinn.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynnstu þessum hörkuduglegu vinnufélögum.

**Citan**, millilangur sendibíll, 90 hestöfl, beinskiptur 5 gíra

Verð 2.790.000 kr. án vsk

**Vito**, millilangur sendibíll, 114 hestöfl, beinskiptur 6 gíra

Verð 4.280.000 kr. án vsk

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar"

# Eldbakaðar pitsur beint úr Bökubílnum

Bræðurnir **Valgeir** og **Guðmundur Gunnlaugssynir** ásamt félaga sínum, **Guðjóni Vali Sigurðssyni** handboltamanni, eru að vinna að gerð matarbíls þar sem eingöngu verða seldar eldbakaðar pitsur. Bíllinn á að koma á götuna næsta vor.




Bræðurnir Gummi og Valli ásamt Guðjóni Val ætla að setja pitsubíl í gagnið næsta vor. Þar verður boðið upp á eldbakaðar pitsur að hætti Íslensku flatbökunnar.

Þeir félagar hafa rekið Íslensku flatbökuna við Bæjarlind 2 frá árinu 2015 og bryddað upp á nýjungum eins og bernaise brauðstöngum og eftirréttapitsum. Staðurinn hefur notið mikilla vinsælda en nú vilja þeir færa út kvíarnar. „Stefnan var sett á að koma bílnum á götuna í sumar en sá tímarammi var of þröngur. Það er gríðarleg vinna að útbúa bílinn þar sem þetta er mjög sérhæft,“ segir Valgeir, eða Valli, eins og hann er alltaf kallaður. „Við höfum verið að dytta að bílnum, hækka toppinn og þess háttar. Við reyndum að safna á Karolinafund upp í kostnað en náðum ekki settu markmiði. Það er dýrt að starta þessu dæmi en við fundum mjög góð viðbrögð frá fólki. Fyrirtæki sem voru með einhvers konar viðburði á dagskránni voru sömuleiðis spennt að fá pitsubílinn til sín,“ segir Valli en bíllinn gefur möguleika á að fara um allt höfuðborgarsvæðið, í úthverfin og jafnvel í nálægðar byggðir. Þá verður hægt að panta bílinn í afmæli, brúðkaup, götupartí, starfsmannadag eða árshátíðir.

„Við ólumst allir upp á Seltjarnarnesi og höfum fengið mjög góð viðbrögð frá fólki þar. Það er greinilegt að íbúar á Nesinu munu kunna að meta Bökubílinn. Einnig höfum við fengið góð viðbrögð frá fólki í Grafarvogi, Grafarholti og Mosfellsbæ. Það er því góður grundvöllur fyrir rekstri bílsins þegar hann kemst í gagnið. Þá sjáum við fyrir okkur að vera til staðar á menningarnótt, Gay Pride og 17. júní. Þetta verða alvöru eldbakaðar pitsur,“ segir Valli sem segir að hann hafi gengið með draum um góðan pitsustað í maganum frá því hann var polli. Hann lét drauminn rætast með Íslensku flatbökunni og síðan Bökubílnum á næsta ári.

„Við ætlum að vera með öll gæðin frá Íslensku flatbökunni í bílnum en í honum verður einn flottasti eldofn landsins. Bíllinn er 20 ára gamall af gerðinni Grumman Olson. Það þarf að skera út afgreiðslulúgu og lappa aðeins upp á bílinn. Pabbi er með bílaréttinga- og sprautufyrirtæki, GB tjónaviðgerðir, og þar erum við sjálfir að gera bílinn upp. Með því getum við sparað nokkrar krónur en það seinkar ferlinu. Guðmundur, bróðir minn, var að vinna í Bandaríkjunum og þar kynntist hann vel þessari street food matarbílamenningu. Hann var í Portland og þar er mjög mikið um matarbíla. Ég held að svona menning eigi eftir að aukast hér á landi.“ **elin@365.is**

> **Við ætlum að vera með öll gæðin frá Íslensku flatbökunni í bílnum en í honum verður einn flottasti eldofn landsins.**
>
> *Valgeir Gunnlaugsson*



Bíllinn átti að fara á götuna í sumar en það náðist ekki.



Bræðurnir eru að vinna í bílnum á fullu í frístundum. Meðal annars þurfti að hækka toppinn.


# FLEYGAR, KRABBAR, KLIPPUR, OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA




Höfum til sölu glussafleyga
og fleiri vönduð verkfæri,
sem hafa áunnið sér gott orðspor
á Íslandi á undanförnum árum.

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjördur
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

# KUBOTA atvinnutæki - áratugareynsla við íslenskar aðstæður



**KUBOTA GZD21 HD** - Öflug „Zero-Turn“ ásetusláttuvél með 21 ha, 3ja cyl KUBOTA diesel mótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48“) vökvalyftri sláttuvél og 500 L vökvalyftum grasssafnara. Alvöru „Zero-Turn“ vél.



**KUBOTA GR2120** - Sá fjórhjóladrifni. Öflugur sláttutraktor með 21 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48“) vökvalyftri sláttuvél og 450 L grassafnara Útbúinn „Glide Steer“ sem gerir krappa snúninga leik einn og auðveldar slátt



**KUBOTA G23LD & G23HD** - Þessi er afkastamikil. Öflugri sláttutraktor með 23 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48“) drifskaftsknúinni vökvalyftri sláttuvél og 560 L grassafnara (G23LD) eða 640 L vökvalyftum grassafnara (G23HD).



**KUBOTA BX2350** - Einn vinsælasti smátraktorinn enda hefur hann margsannað sig við við margvísleg not, hann er með 23,5 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, 4WD, 2ja þrepa vökvaskipting, aflstýri, útbúin með mið og aftur aflúrtökum. Mikið úrval tengibúnaðar og tækja fáanlegt, s.s.: sláttuvélar, grassafnarar, ámoksturstæki, tætarar, dreifarar og fl og fl.



**KUBOTA Smátraktorar** - Bjóðum úrval annarra gerða KUBOTA smátraktora í stærðum að 40 hö. KUBOTA smátraktorar hafa margsannað sig á Íslandi enda líklega vinsælasti smátraktorinn og er í notkun hjá einstaklingum, bæjarfélögum, verktökum, stofnunum og þeim sem gera miklar kröfur um gæði og endingu . Mikið úrval tengibúnaðar og tengitækja fáanlegt.



**KUBOTA Smágröfur** - KUBOTA er stærsti framleiðandi á smágröfum í heiminum, stærðir 850 kg – 8.000 kg. KUBOTA smágröfurnar eru afkastamilklar gæðavélar með lága bilanatíðni og mikil afköst, við bjóðum úrval KUBOTA smágrafa með stuttum afgreiðslutíma frá framleiðanda.

# Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



WACKER NEUSON

Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



WACKER NEUSON

Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn. Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.





WACKER NEUSON

Þjöppur, víbratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.



KRAMER

Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km akstursraða. Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

ÞÓR HF 50 1963 2013


Liðstýrður námutrukkur (Búkolla) er ein af stærri vélum Atvinnutækja ehf.

# Mikill sveigjanleiki og hagræðing

Það skiptir miklu máli fyrir verktaka að hafa sveigjanleika þegar kemur að útleigu á vinnuvélum og -tækjum. Atvinnutæki ehf. bjóða upp á gott úrval véla til skammtíma- og langtímaleigu fyrir þau fjölmörgu verkefni sem fram undan eru.

Atvinnutæki ehf. sérhæfir sig í útleigu á vinnuvélum og tækjum til ýmissa bygginga- og jarðvegsframkvæmda en fyrirtækið býður upp á gott úrval véla og tækja. Ýmsir leigu- og kaupmöguleikar í boði, allt eftir hentugleika hvers og eins að sögn Sigurðar E. Þorsteinssonar, sölustjóra fyrirtækisins. „Það má því segja að við bjóðum upp á mjög hentugar lausnir fyrir stóra sem smáa verktaka sem starfa á þessu sviði. Bæði er um að ræða fjölbreytt úrval véla og tækja sem henta á mismunandi stigum, auk þess er hægt er að velja um skammtíma- eða langtímaleigu sem hægt er að breyta í það sem við köllum Leiga til kaups.“

Þegar kemur að bygginga- og jarðvegsframkvæmdum getur leiga verið heppilegur kostur fyrir verktaka, sérstaklega þar sem þörf er á auknum tækjaflota til skamms tíma að sögn Sigurðar. „Leigunni fylgir líka lægri fjármagns- og viðhaldskostnaður sem skiptir miklu máli fyrir verktaka. Ef viðskiptavinir vilja skipta um skoðun á leigutímabilinu gefst þeim einnig kostur að kaupa vélina eða tækið með svokallaðri Leigu til kaups en þá gengur hluti leigugjaldsins 50-100% upp í kaupverðið.“

Verkefnastaðan í bygginga- og jarðvegsframkvæmdum hefur batnað mikið síðustu tvö árin að sögn Sigurðar og góðar horfur eru fram undan. „Við sjáum fram á miklar framkvæmdir á næstunni og vaxandi þörf á stórum sem smáum vélum og tækjum. Við hjá Atvinnutækjum erum vel í stakk búin til að mæta aukinni eftirspurn eftir vinnuvélum og tækjum og hvetjum verktaka til að kíkja til okkar.“

**VÉLA- OG TÆKJAKOSTUR HJÁ ATVINNUTÆKJUM ER EFTIRFARANDI:**

Beltavélar 2,5-70 tonn
Hjólavélar 14-17 tonn
Skotbómulyftarar 7-14 metra
Jarðýtur
Valtarar
Jarðvegsþjöppur
Liðstýrðir námutrukkar/Búkollur
Beltavagnar
Einnig bjóðum við upp á vinnuvélar með GPS Trimble búnaði & Rototilt

# Trukkar framtíðar

Hugmyndabílar gefa oft vísbendingar um hvað koma skal í hönnun og vélbúnaði. Síðustu ár hafa komið fram ýmsar áhugaverðar hugmyndir um hvernig vörubílar framtíðarinnar gætu litið út. Sumar hugmyndir hafa orðið að veruleika meðan aðrar eru enn á teikniborðinu.



**Hugmyndabílar Luigi Colani**

**Luigi Colani er svissnesk/þýskur iðnhönnuður sem hefur getið sér gott orð fyrir frumlega hönnun. Hann hefur hannað þó nokkra trukka sem minna um margt á framtíðartrylla. Fyrstu „Colani-trukkarnir“ litu dagsins ljós á níunda áratugnum en hann hefur gert nokkrar útfærslur síðan þá.**



**Aero Liner hugmyndatrukkur**

**Krone og MAN hönnuðu þennan Aero Liner hugmyndatrukk með hinn straumlínulagaða grindhval í huga, enda er loftmótstaðan í lágmarki.**



**Walmart trukkur framtíðar**

**Verslanakeðjan Walmart á risastóran bílaflota, 6.500 trukka og 55 þúsund tengivagna og 7.000 bílstjórar vinna hjá fyrirtækinu. Walmart kynnti fyrir nokkru nýjan trukk sem ætlunin var að myndi minnka útblástur bílaflotans til muna.**



**Volvo Concept Truck 2020**

**Fyrir nokkrum árum kynnti Volvo nýjan Volvo hugmyndatrukk 2020 sem átti að lýsa því hvernig framleiðandinn sæi fyrir sér þróunina næstu árin. Lögð var áhersla á að gera umhverfi bílstjórans rúmbetra og friðsælla. Þannig verður mælaborðinu skipt út fyrir flatan snertiskjá. Sæti bílstjórans er eins og skrifstofustóll með loftkælingu í bakinu.**

**Baksýnisspeglum hefur verið skipt út fyrir myndavélar sem varpa mynd á skjá í mælaborðinu. Árekstrarvörn er framan á bílnum.**





Fáðu tilboð í hurðina

Á vefsíðu Héðins er fljótlegt að fylla út helstu upplýsingar til að fá tilboð í iðnaðarhurðir og bílskúrshurðir.

Nánari upplýsingar á hedinn.is

HÉÐINS HURÐIR

Mynd: Slökkvistöðin við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100

Vörubílar, vinnuvélar & bátar

• Viðgerðir
• Sala





• Startarar
• Alternatorar

• Perur
• O.m.fl.



Rafstilling ehf.

Dugguvogi 23, s: 581-4991
rafstilling@rafstilling.is



Starfsfólk Grand Travel klæðskerasníður bæði lengri og styttri ferðir að óskum hvers og eins.

# Glæsilegir bílar með öllum þægindum

Grand Travel býður upp á sérsniðnar ferðir fyrir bæði minni og stærri hópa. Hópferðabílar fyrirtækisins eru nýir, glæsilegir og þægilegir.

Grand Travel er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var í byrjun árs 2012. „Okkur fannst vera kominn tími til að endurnýja hluta af þeim flota hópferðabíla sem boðið var upp á hér á landi og bjóða upp á nýja og glæsilega hópferðabíla sem ættu að uppfylla öll helstu þægindi sem völ er á,“ segir Marinó Pálmason framkvæmdastjóri.

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á nýja Volvo hópferðabíla. Allir bílarnir eru útbúnir fyrsta flokks sætum með hallandi baki, fótskemli, afþreyingarkerfi og þráðlausu neti svo eitthvað sé nefnt. Borð eru fyrir framan hvert sæti ásamt lesljósi. Bifreiðarnar eru útbúnar kæliskáp fyrir hvers konar drykki ásamt salernisaðstöðu. „Því er óhætt að segja að Grand Travel geti boðið upp á góðan ferðamáta fyrir þá sem vilja njóta þess að ferðast á milli staða með öll helstu þægindi. Enda eru einkunnarorð fyrirtækisins: Luxury travel & Quality comfort.“

### Klæðskerasniðnar ferðir

Fyrirtækið þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og ferðaþjónustuaðila og hafa forsvarsmenn þess áratuga reynslu af ferðamennsku og eru auk þess reyndir atvinnubílstjórar. „Í dag höfum við hjá Grand Travel kost á því að bjóða viðskiptavinum okkar upp á nokkrar lausnir í ferðaþjónustu og tökum við á móti öllum hópum, stórum sem smáum. Við höfum kost á því að laga okkur að þinni ferð og klæðskerasníðum bæði lengri og styttri ferðir að óskum hvers og eins,“ útskýrir Marinó.



Grand Travel þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og ferðaþjónustuaðila og hafa forsvarsmenn þess áratuga reynslu af ferðamennsku og eru reyndir atvinnubílstjórar.



Allir bílarnir eru útbúnir fyrsta flokks sætum með hallandi baki, fótskemli, afþreyingarkerfi og þráðlausu neti svo eitthvað sé nefnt.



Grand Travel býður upp á góðan ferðamáta fyrir þá sem vilja njóta þess að ferðast á milli staða með öll helstu þægindi.

Grand Travel er með fimm hópferðabíla á sínum snærum eins og er, þrjár Volvo rútur sem eru annars vegar með 51 sæti og hins vegar 57 sætum. „Nýjasti bíllinn kom bara núna fyrir nokkrum vikum og er 49 sæta Volvo hópferðabíll. Í honum er leðuráklæði, afþreyingarkerfi og meira sætapláss svo eitthvað sé nefnt. Eins erum við með einn nítján sæta Bens Sprinter sem er tilvalið að nota þegar við tökum á móti minni hópum. Í honum er kælir, leðuráklæði og gott afþreyingarkerfi.“ Stærri rúturnar eru eins og fyrr segir búnar öllum helstu þægindum.

„Við höfum fengið frábærar viðtökur frá því að við tókum við fyrsta bílnum okkar árið 2012 og greinilegt að það er þörf á markaðnum fyrir okkur,“ segir Marinó og bætir við að starfsfólk fyrirtækisins hlakki til að takast á við komandi mánuði og ár og aldrei að vita nema bílunum muni fjölga í kjölfarið.

Þeim sem vilja nálgast Grand Travel eða fá nánari upplýsingar um fyrirtækið er bent á að fara inn á heimasíðu fyrirtækisins grandtravel.is eða kíkja á það á Facebook og jafnvel skella í eitt „like“ svona í tilefni dagsins.

GRANDTravel
LUXURY TRAVEL QUALITY COMFORT

# Nýtt fyrirtæki byggt á gömlum grunni

**Vinnulyftur ehf.** flytur inn og selur vinnulyftur frá Skyjack og Niftylift. Fyrirtækið var stofnað í vor en byggir á gömlum grunni. Þegar er mikil eftirspurn.



Eyvindur og Jim, sölustjóri hjá Niftylift, ganga frá samningum á Bauma 2016.

Feðgarnir Eyvindur Jóhannsson og Jóhann Eyvindsson hafa nú farið af stað með fyrirtækið Vinnulyftur ehf. Árið 1993 hófu Vinnulyftur, þá í eigu Eyvindar, innflutning á vinnulyftum til landsins og leigðu þær út til iðnaðarmanna. Árið 1995 fékk hann einkaumboð fyrir Skyjack og Niftylift á Íslandi. Á þeim tíma voru engir aðrir að flytja inn vinnulyftur og engin umboð hér á landi. Eyvindur skoðaði vel það sem var í boði á markaðnum og urðu Skyjack skæralyftur fyrir valinu vegna áreiðanleika þeirra.

Eyvindur vissi að þegar kæmi að útleigu á tækjum yrði fyrst og fremst að huga að notagildi og viðhaldi. Skyjack lyfturnar reyndust einstaklega vel til útleigu og það gerðu einnig Niftylift bómurnar en þær eru þægilegar í rekstri og þarfnast lítils viðhalds. Svokallaðar trailermount lyftur frá Niftylift voru sérstaklega vinsælar þar sem fólk gat hengt þær aftan í bílinn og séð sjálft um flutninginn.

Árið 2007 seldi Eyvindur fyrirtækið sem var þá stærsta vinnulyftuleiga og söluumboð landsins. Fyrirtækið hætti störfum nokkrum árum síðar. Núna í vor ákváðu þeir feðgar að hefja innflutning að nýju og stofnuðu nýtt fyrirtæki og fékk það nafnið Vinnulyftur ehf. Þeir fóru í samningaviðræður við erlenda birgja sem enduðu á Bauma, tækjasýningu í Þýskalandi, þar sem samið var að nýju við Skyjack og var strax gerð fyrsta pöntun af lyftum. Bæði litlar skæralyftur frá Skyjack sem eru mest seldu rafmagnsskæralyftur heims og stærri torfærulyftur. Flestar af þessum vélum eru nú þegar seldar. Að því loknu hófust viðræður við Niftylift. Samningar náðust og eru Vinnulyftur með einkaumboð fyrir Niftylift á Íslandi á ný. Fyrsta pöntun kom til landsins núna í vikunni og beðið er eftir fleiri tækjum.

Það má sjá á viðbrögðum að byggingaiðnaðurinn er að vakna til lífsins aftur eftir hrun. Það má líka sjá á því hversu mikið af fyrirspurnum um leigu berst til Vinnulyfta í dag en þeir feðgar ætla ekki að leigja lyftur eins og áður heldur eingöngu að beina kröftum sínum að innflutningi og sölu, þá helst til verktaka og leigufyrirtækja. Nánari upplýsingar eru í síma 774-2501. Netfangið er eyvindur@simnet.is.

VINNULYFTUR




SKYJACK simply reliable

niftylift

www.skyjack.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...

# LIEBHERR

# NÝR BÍLKRANI




Hönnun: ARTPRO ehf.

Óskum DS Lausnum innilega til hamingju með nýjan og glæsilegan LIEBHERR LTM 1100-5.2 bílkranann. Fyrsti nýji bílkraninn sem fluttur er til Íslands eftir hrun.



Kristófer Snæbjörnsson sölustjóri Merkúr, Daníel Sigurðarson framkvæmdastjóri DS Lausna og Þorsteinn Marel (Steini Tótu) þjónustustjóri Merkúr, við afhendingu nýja LIEBHERR bílkranans.







**LIEBHERR** LYFTA ÞVÍ SEM LYFTA ÞARF

Eins og Daníel veit manna best kemur ekkert annað en LIEBHERR til greina þegar keyptur er krani, sé tekið tillit til gæða, þjónustu og endursöluverðs.

MERKÚR

Hýsi - Merkúr hf. / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is




Salur VW atvinnubíla að Laugavegi 170-174 er glæsilegur.



VW Caddy er hægt að fá í tveimur lengdum. Þá má einnig fá hann sjö manna.



VW atvinnubílar þykja góðir í endursölu, hagkvæmir og ekki síst traustsins verðir.



Caddy Beach er fimm manna Caddy sem má breyta í tveggja manna húsbíl.

# Fjölbreytni og víðtækar lausnir eru sérstaða Volkswagen atvinnubíla

Volkswagen atvinnubílar bjóða upp á breiða línu af sendibílum og atvinnubílum. Fjölbreytnin er mikil og hægt að fá ýmsar útfærslur af bílunum, allt eftir þörfum viðskiptavinarins. VW atvinnubílar þykja hagkvæmir í rekstri og auðveldir í endursölu.

„Markaðurinn fyrir atvinnubíla hefur farið stækkandi undanfarið. Viðskiptavinir eru nú stærri hópur sem gerir mjög mismunandi kröfur til bílanna og því er mikilvægt að vera með víðtækar lausnir og mikla vörubreidd,“ segir Ívar Þór Sigþórsson, sölustjóri hjá Volkswagen atvinnubílum. „Við bjóðum upp á mjög breiða línu af sendibílum, atvinnubílum, fólksflutningabílum og fólksbílum bæði fyrir fyrirtæki og lögaðila.“

Ívar segir sérstöðu VW atvinnubíla felast í fjölbreytni. „Þar sem við erum með fjölbreytt vöruúrval getum við boðið upp á sérsniðnar lausnir fyrir viðskiptavini okkar og því uppfyllt ólíkar kröfur.“ Það henti bæði einstaklingum í atvinnurekstri en ekki síður fyrirtækjum með stóran bílaflota. „Gott getur verið að hafa mismunandi samsetningu atvinnubíla í bílaflotanum, bæði hvað varðar orkugjafa og stærðir, og þar komum við sterkir inn.“

## Vinsælasti atvinnubíllinn

VW Caddy hefur verið vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. „Caddy hentar mjög mörgum, bæði einyrkjum og fyrirtækjum. Þetta er afkastamikill bíll sem er til í mörgum útfærslum. Hann er til í tveimur lengdum, fyrir farþega eða án farþega, með fjórhjóladrifi eða framdrifi, sjálfskiptur eða beinskiptur og með ýmsar gerðir orkugjafa, bensín-, metan- eða dísilvél,“ lýsir Ívar.

Ný sending af nýrri kynslóð Caddy kom til landsins um áramótin. „Þá fengum við nýja kynslóð af vélum, þar á meðal græna metanvél, en fyrstu eintökin af Caddy með þeirri vél eru að fara á götuna núna.“

Ívar segir mikilvægt að bjóða upp á umhverfisvænni kosti í dag en stærsti kosturinn við metanvélarnar sé þó sá að þær séu einnig mjög hagkvæmar. „Það eru ekki annmarkar á drægni líkt og stundum með rafmagnsbíla. Drægni metanbílsins er sambærileg við bensínbíla.“

## Skemmtilegur Caddy Beach

Sem dæmi um þann skemmtilega fjölbreytileika sem einkennir VW atvinnubíla má nefna hinn nýja Caddy Beach. „Við erum að taka inn fyrstu eintökin af fimm manna Caddy sem er útbúinn sem ferðabíll frá verksmiðjunni,“ segir Ívar en bíllinn er fimm manna en síðan er hægt að breyta honum í ferðabíl með svefnplássi fyrir tvo fullorðna. „Þannig má nota hann sem fólksbíl allan ársins hring en breyta honum í ferðabíl fyrir tvo þegar svo ber undir,“ segir Ívar en bílnum fylgir fortjald og útilegustólar.

## Sjö manna fólksbíll

Ívar segir Caddy fólksbílinn vera að sækja í sig veðrið. „Sjö manna Caddy er til dæmis mjög vinsæll bíll. Hann getur tekið sjö fullorðna í sæti en er auk þess með 530 lítra farangursrými. Bíllinn er með rennihurðum sem gerir aðgengi að öftustu sætunum mjög aðgengilegt og þægilegt er að ganga um hann. Þú situr mjög vel í honum og sætin eru hærri eftir því sem þau eru aftar. Því er mjög gott útsýni bæði fram í bílinn og til hliðanna,“ lýsir Ívar en ný útfærsla af sjö manna bílnum kom um áramótin og er hún mun betur búin en áður.

Ívar segir breiðan hóp sjá notagildi í bílnum. „Við erum að fá til okkar stórar fjölskyldur og fólk með plássfrek áhugamál eins og skíðamennsku og hjólreiðar sem þarf gott farangursrými, en einnig fyrirtæki og leigubílstjóra.“



Frá vinstri: Hinrik Valsson, Kjartan Sveinsson og Ívar Þór Sigþórsson.

## Fjölbreytt úrval

Caddy er langt í frá eini atvinnubíllinn frá VW. „Hinir bílarnir eru líka mjög fjölbreyttir. Í millistærðarsendibílum erum við með Transporter sem er líka til sem fólksflutningabíll og heitir þá Caravelle. Þá erum við með fjölnotabíl sem heitir Multivan en einnig er hægt að breyta honum þannig að hægt sé að sofa í honum,“ segir Ívar, en í febrúar voru kynntir til leiks nýir T6 Transporter, Caravelle og Multivan.

## Fjórhjóladrif eftirsótt

Fjórhjóladrif er mjög vinsæll kostur bæði á Caddy og Transporter að sögn Ívars. „Við sjáum að þeir sem búa á svæðum þar sem getur verið allra veðra von finna mikið öryggi í því að vera á fjórhjóladrifnum atvinnubíl.“

## Mikil verðbreidd

Atvinnubíla frá VW má fá á breiðu verðbili. „Við erum að bjóða sendibíla sem kosta frá 2.670.000 krónum í einföldustu útgáfunni. Þannig teljum við okkur bjóða upp á mjög góðan kost fyrir þá sem vilja endurnýja en kjósa að binda ekki of mikla peninga í sendibílum,“ segir Ívar. Hann segir verðið einnig mjög gott sé litið til þess búnaðar sem er í bílunum. „Við erum með ríkulega útbúna bíla á fínu verði.“

## Auðveldir í endursölu

„Framleiðandi Volkswagen leggur áherslu á að atvinnubílar séu hagkvæmir í rekstri, því oft og tíðum eru þeir í meiri notkun en heimilisbílar,“ segir Ívar og bendir á að VW atvinnubíla þurfi ekki að fara með í þjónustuskoðun í hvert sinn sem þeir séu smurðir líkt og með suma aðra bíla. „Fyrstu skoðanirnar eru ekki fyrr en eftir tvö ár eða eftir 30-40 þúsund km akstur og síðan annað hvert ár eftir það.“ Hann segir það skipta flotaeigendur máli að bílar séu hagkvæmir þegar kemur að þessum atriði. „Atvinnubílar okkar eru eftirsóttir og hafa gengið afar vel í endursölu enda þykja þeir traustsins verðir.“

# Ein fjölhæfasta fjölskylda landsins




## Volkswagen atvinnubílar

Það er engin tilviljun að Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár. Auðugt vöruúrval sameinar eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika og hámarksgæða fyrir hagstætt verð. Fjölbreyttar útfærslur eru sniðnar að ólíkum þörfum viðskiptavina svo allir geta fundið sér bíl við sitt hæfi.

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrvalið í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.

Volkswagen Amarok verð frá: **5.840.000** (án vsk 4.709.677)

Volkswagen Crafter verð frá: **5.700.000** (án vsk 4.596.774)

Volkswagen Caddy verð frá: **2.670.000** (án vsk 2.153.226)

Volkswagen Transporter verð frá: **4.590.000** (án vsk 3.701.613 )

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Skutlast með hesta milli fjórðunga

Jósep Zophoníasson innréttaði hestaflutningabíl fyrir tíu árum og hefur síðan unnið við það, meðfram öðrum störfum, að flytja hesta milli Norður- og Suðurlands. Hann segist kunna afar vel við starfið enda verður það til þess að hann kynnist landinu á allt annan hátt.



Jósep með góðum félaga í hestaflutningabíl sínum. Hann segist njóta starfsins enda komi hann oft á nýja staði. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Akureyringurinn Jósep Zophoníasson hefur verið í hestamennsku frá því hann var polli. „Nú er ég aðeins með þrjá klára en umfangið minnkaði eftir að ég var greindur með Parkinson fyrir tíu árum, um það leyti sem ég byrjaði í hestaflutningunum,“ segir Jósep sem er bifvélavirki og starfaði lengst af sem slíkur. „Fyrst hafði ég hestaflutningana sem aukavinnu en nú er ég að mestu hættur viðgerðum.“

### Smíðaði innréttingar sjálfur

Bíllinn sem Jósep notar er Volvo FL10 af árgerðinni 1996. „Ég var með annan bíl áður sem ég keypti af Samskipum. Ég innréttaði bílinn sjálfur með stíum og setti gúmmí í gólfið þannig að vel fer um hrossin. Þegar ég skipti um bíl tók ég vörukassann af gamla bílnum og setti á þann nýja,“ segir Jósep en mest tuttugu hross komast í bílinn í einu. „Það er helst þegar ég fer með ferðahross sem öll eru á leið á sama staðinn. En þegar ég þarf að fara á fleiri staði þarf meira pláss til að ganga um bílinn. Þá er ég yfirleitt með sextán eða sautján hross á bílnum.“

### Alltaf að sjá nýja staði

Jósep hefur gaman af hestaflutningastarfinu. „Maður fer á staði sem maður annars færi aldrei á. Þræðir fáfarna dali og vegi og kynnist landinu upp á nýtt,“ segir hann og finnst ekki verra að hitta skemmtilegt hestafólk á hverjum stað. Jósep er mest á ferðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur en þó kemur fyrir að hann fari austur fyrir fjall líka. „Það er gaman að fara um Suðurlandið enda þekkti ég það lítið áður.“

### Með hryssur til stóðhesta

Jósep segir ýmsar ástæður fyrir því að fólk þarf að flytja hesta milli landsfjórðunga. „Áður voru þetta mikið hestaviðskipti en það er minna en var. Þegar kemur fram á sumarið fer ég að aka með hryssur til stóðhesta hér og hvar um landið og til baka, en margir sem eiga hryssur fyrir sunnan vilja halda þeim undir hesta fyrir norðan og öfugt,“ segir Jósep sem flytur einnig stóðhesta en hann er með tvær stóðhestastíur sem eru meira aflokaðar.

### Sjaldan vandamál

Yfirleitt gengur vel að koma hrossunum á bílinn að sögn Jóseps. „Bíllinn er á loftfjöðrum að aftan og framan og því hægt að lækka hann þannig að ekki er hátt fyrir hestana að fara upp í hann.“ Iðulega eru hross teymd í rólegheitum upp í bílinn en þegar flytja þarf ótamin hross eru þau rekin upp í hann. „Þá teymir maður tamið hross á undan og rekur á eftir ótömdu hrossunum sem elta,“ lýsir Jósep sem er á móti því að vera með æsing. „Mér finnst betra að fá hrossin upp í bílinn af fúsum og frjálsum vilja.“

> Áður voru þetta mikið hestaviðskipti en það er minna en var. Þegar kemur fram á sumarið fer ég að aka með hryssur til stóðhesta hér og hvar um landið og til baka, en margir sem eiga hryssur fyrir sunnan vilja halda þeim undir hesta fyrir norðan og öfugt.
>
> *Jósep Zophoníasson*

### Viðkvæmur farmur

Nauðsynlegt er að aka varlega með hesta. „Það er erfiðara að keyra með hross en með sekkjavöru. Þegar kemur slinkur á bílinn fylgir yfirleitt önnur bylgja þegar hrossin færa sig til,“ segir Jósep. Hann segist stundum varla finna fyrir því að vera með hross í bílnum en ekki þurfi nema eitt óþekkt hross til að gera honum erfiðara fyrir í akstrinum. „Þessi hross eru kærulaus og fíflast í hinum hrossunum, eru að slást og koma róti á hópinn.“

Jósep er með myndavél inni í kassanum til að fylgjast með hrossunum á ferð. „Ég hef þá getað fært til hross sem eru með leiðindi,“ segir hann glettinn og minnist einnar hryssu sem var í lagi á meðan bíllinn var á ferð en um leið og ég stoppaði fór allt af stað í bílnum. Ég hætti því við að fá mér kaffisopa á leiðinni og brunaði með hana beint á áfangastað. Eftir það datt allt í dúnalogn.“

Jósep segir lítið líf hafa verið í hestaflutningunum í vetur en telur að nú muni það glæðast. „Þetta verður líflegt í sumar og fram yfir haustréttir, síðan verður rólegt þangað til fólk tekur á hús aftur um jólin.“

solveig@365.is

VélRás




BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI
Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is




Björn Erlingsson, framkvæmdastjóri Krafts hf., og Jóhann Pétursson sölustjóri við glæsilegan MAN vörubíl. MYND/STEFÁN

# MAN vörubílar í 50 ár á Íslandi

**Kraftur hf.** að Vagnhöfða 1-3, fagnar 50 ára afmæli sínu í ár en fyrirtækið flytur inn og þjónustar MAN vörubifreiðar. Á þessari hálfu öld hafa MAN vörubílar margsannað ágæti sitt. Fjölmargar nýjungar hafa komið fram undanfarið og von er á fleiri slíkum á næstunni.

Erlingur Helgason ásamt fleirum stofnaði fyrirtækið Kraft hf. árið 1966 í þeim tilgangi að flytja inn og þjónusta MAN vörubifreiðar. „Á þessum fimmtíu árum hafa MAN vörubílar margsannað ágæti sit og hafa þótt sterkbyggðir en jafnframt léttbyggðir, sem eykur burðargetu bílsins,“ segir Björn Erlingsson, framkvæmdastjóri Krafts. Fyrstu árin var fyrirtækið í JL húsinu á Hringbraut, flutti síðar í Skeifuna en síðustu áratugina hefur Kraftur starfað að Vagnhöfða 1-3.

## „Diesel of the Year 2016“

Gæði MAN eru þekkt um allan heim. Þannig var MAN D3876 vélin fyrir vörubifreiðar krýnd „Diesel of the Year 2016“ á BAUMA-sýningunni í apríl síðastliðnum. „Verðlaun þessi eru veitt af ítalska iðnaðartímaritinu DIESEL sem hefur veitt slík verðlaun síðustu 11 árin. Valnefndin, sem samanstendur af blaðamönnum frá ýmsum fjölmiðlum tengdum bílaiðnaði, heillaðist bæði af grunnhugmyndinni sem og miklum styrk D3876 mótorsins, sem sameinar nýja gerð 6 sílindra línuvélar og hinnar þaulreyndu D20/D26 vélar,“ segir Jóhann Pétursson, sölustjóri Krafts. Í dómsorðum sínum sagði Fabio Butturi, ritstjóri DIESEL: „Þetta gerir D3876 að nýþróaðri vél sem á sama tíma býr yfir mikilli reynslu eftir milljónir ekinna kílómetra. Með þessa grunnhugsun sem upphafsrit, hafa verkfræðingar MAN náð fjölda tæknilegra afreka í þróun á D3876. „Top-down“ kæling, kúptir ventlar, stálstimplar, eldhringir og háþrýst innsprautun upp að 2.500 börum stuðlar allt að því að gera D3876 að gríðarlega áreiðanlegri og kostnaðarvænni, en um leið, betrumbættri vél.“




Frá afhendingu viðurkenningarinnar „Diesel of the year“.

> MAN D3876 vélin fyrir vörubifreiðar var krýnd „Diesel of the Year 2016“ á BAUMA-sýningunni í apríl síðastliðnum. Verðlaunin voru veitt af ítalska iðnaðartímaritinu DIESEL. Valnefndin heillaðist bæði af grunnhugmyndinni sem og miklum styrk D3876 mótorsins.
>
> *Jóhann Pétursson*

## MAN HydroDrive

Á Bauma voru ýmsar nýjungar kynntar. „Má þar nefna að MAN HydroDrive er nú einnig fáanlegt með sjálfskiptum gírkassa. Einnig má nefna nýja léttbyggða afturöxla, sem minnka eigin þyngd bifreiðarinnar um 280 kg samanborið við hefðbundna niðurgíraða öxla og um 180 kg miðað við hefðbundna „hypoid“ öxla. Þetta eykur burðargetu bílsins sem þessu nemur,“ lýsir Jóhann og bendir á að að auki minnki þetta olíueyðslu bílsins og hækki lægsta punkt um fjóra sentimetra. „Þessir nýju öxlar verða fáanlegir fyrir 6x4 bíla með allt að 480 hestafla vélar í TGS-línunni.“

## MAN vörubílar í heila öld

Í tilefni af því að í fyrra voru hundrað ár voru frá því fyrsti MAN vörubíllinn kom af framleiðslubandinu kynntu MAN verksmiðjurnar nýja vélalínu með 520 og 560 hestafla vélum. „Í haust verður bætt um betur og verður þá 640 hestafla vél fáanleg í alla stærri MAN bíla. Á IAA bíla- og tækjasýningunni í Hannover í haust mun MAN einnig kynna aðra nýjung, sem á eftir að koma mörgum á óvart,“ lofar Björn.

## Rafknúinn götusópur

Kraftur er einnig umboðsaðili fyrir meðal annars Zaugg sem framleiða snjóblásara og flugbrautasópa. Kraftur er einnig með umboð fyrir Bucher Municipal sem eru stórir framleiðendur götusópa og tækja til vetrarþjónustu svo sem saltdreifara og snjóplóga.

„Í þessari viku stendur yfir IFAT-sýningin í München. Þar mun Bucher Municipal kynna heimsins fyrsta götusóp, City-Cat 2020ev, sem eingöngu gengur fyrir rafmagni,“ upplýsir Björn og telur að þessi nýjung eigi örugglega eftir að slá í gegn hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum, sem vilji stuðla að notkun á umhverfisvænum tækjum.

**Nánari upplýsingar má finna á www.kraftur.is**

# Koma heim reynslunni ríkari

Annað hvert ár taka starfsmenn þjónustuverkstæða Volvo atvinnutækja þátt í alþjóðlegum keppnum starfsmanna í þjónustuneti Volvo AB. Þótt keppnin sé hörð og spennandi er líka gaman að hitta erlenda kollega, bera saman bækur sínar og eiga góðar stundir.

Starfsmenn þjónustuverkstæða Volvo atvinnutækja hjá Brimborg keppa annað hvert ár í alþjóðlegum keppnum starfsmanna í þjónustuneti Volvo AB. Þar þurfa þeir að leysa ýmis krefjandi verkefni, t.d. varðandi viðgerðarþjónustu fyrir strætisvagna, vöruflutningabifreiðar og vinnuvélar. Um er að ræða tvær keppnir sem haldnar eru á tveggja ára fresti; Vista, sem er á vegum Volvo Truck, og Masters, sem er haldin á vegum Volvo Construction Equipment.

Keppnirnar eru mjög vel skipulagðar og skemmtilegar að sögn Jóhanns Rúnars Ívarssonar, þjónustustjóra Volvo atvinnutækjasviðs, og standa yfir í nokkra daga. „Keppnirnar eru settar upp þannig að ákveðnar stöðvar eru settar upp með mismunandi tækjum og verkefnum sem miðast að því að finna bilanir og svara spurningum á fyrirfram ákveðnum tíma. Þegar liðið kemur inn á stöðina fær það í hendur blað með spurningum sem þarf að svara og lýsingu á því hvernig tækið hagar sér.“

Liðsmenn byrja á að svara spurningum og nýta til þess gagnabanka í tölvukerfi Volvo ásamt því að nýta sér reynslu hver annars í að finna þjónustu-, varahluta- og bilanaupplýsingar. „Þegar búið er að svara spurningunum snúa menn sér að tækinu sem búið er að koma einhverri bilun fyrir í. Það er oft ansi snúið og keppendur þurfa að passa sig því tillit er tekið til allra atriða, svo sem að fyllsta öryggis sé gætt varðandi vinnufatnað, öryggisskó og öryggi verkstaðar. Einnig þarf að standa rétt að bilanaleit og umgengni um tækið og verkstað. Þegar einkunn er metin fyrir hverja stöð er tekið tillit til allra þessara þátta.“



Keppnishópurinn frá Íslandi með með keppendum annarra þjóða á Masters í Eskilstuna í marsmánuði.

> Stemmingin er mjög góð í þessum keppnum og allir eru vinir þegar upp er staðið. Það er gaman að hitta kollega sína og ræða málin og deila reynslu.
>
> *Jóhann Rúnar Ívarsson*

## Góður undirbúningur

Valið í Masterskeppnina fer þannig fram að haldin er einstaklingskeppni á netinu í hverju landi fyrir sig. Þar eru lagðar fram þrautir og próf fyrir keppendur í nokkrum stigum. „Þannig eru einn varahlutamaður og tveir viðgerðarmenn valdir í liðið ásamt liðsstjóra sem fara saman til Svíþjóðar þar sem keppnin er haldin.“

Fyrir Vistakeppnina er fjögurra manna keppnislið valið; þrír viðgerðarmenn og einn varahlutamaður. Liðið keppir fyrst á netinu við lið annarra landa. Sigurvegari þeirrar forkeppni heldur til Svíþjóðar og keppir þar í undanúrslitum. „Strákarnir undirbúa sig með því að hittast og fara yfir bilanir, bilanaleit og ná í viðgerðar- og varahlutaupplýsingar á netinu og í bókum.“

## Allir vinir

Þótt stutt sé í keppnisskapið snúast keppnirnar ekki bara um að vinna, þar hittast kollegar frá mörgum löndum og bera saman bækur sínar og eiga saman góðar stundir. „Stemmingin er mjög góð í þessum keppnum og allir eru vinir þegar upp er staðið. Það er gaman að hitta kollega sína og ræða málin og deila reynslu sinni ásamt því að kynnast mannskapnum hjá Volvo sem við erum í góðu sambandi við. Auk þess er skipulagt prógramm frá morgni til kvölds. Liðin gista yfirleitt á sama hóteli, borða saman og fara í ýmsar skoðunarferðir. Keppnin endar svo með veglegu lokahófi síðasta kvöldið með góðum mat, skemmtisýningu og verðlaunaafhendingu.“

Íslensku liðunum hefur gengið vel undanfarin ár að sögn Jóhanns. „Strákarnir okkar lentu t.d. í 4. sæti á Masterskeppninni í Eskilstuna í Svíþjóð í vor og hafa náð 7. sæti í Vistakeppninni. Þess má einnig geta að reynslan og þekkingin sem næst út úr svona keppnum er mikil og í raun eitt stórt námskeið fyrir þá sem taka þátt.“ starri@365.is





Er vinnuframlag og kostnaður í takt við væntingar? Tímon og Floti lækka rekstrarkostnað, auka nýtingu og bæta skilvirkni. Lausnirnar okkar eru aðgengilegar á netinu, auðveldar í innleiðingu og með föstum rekstrarkostnaði.

**Floti**

Flotastýring bíla og tækja fyrir öll fyrirtæki.
Allt frá einfaldri vöktun til ítarlegra greininga.
Bættu skipulagið og sjáðu meira með Flota.

www.floti.is

**Tímon**

Tíma- og verkskráning fyrir öll fyrirtæki.
Fáðu fullkomna yfirsýn yfir mannauðsmál og verkefni.

www.timon.is

Trackwell | 5100 600 | Laugavegi 178 | 105 Reykjavík | www.trackwell.com

**SÝNINGARTÆKI TIL SÖLU!**



**Pronar ZMC 2.0 sópur fyrir dráttarvél**

Dreginn sogsópur Pronar SMC 2.0 er hannaður fyrir 60+ ha dráttarvélar með 1000 sn/mín aflúrtak. Sópurinn er hannaður til að hreinsa fullkomnlega vegi, stór vöruhús, malbikuð, hellulögð sem steypt svæði. Sópurinn er með tveim vökvadrifnum burstum sem sópa óhreinindum að sogstútnum sem sogar þau upp í 2,1 rúmmetra tank. Úðunarkerfi sem samanstendur af dælu, 240 lítra vatnstanki og úðastútum til að koma í veg fyrir rykmyndum við sópun. Stýripinni stýrir opnun og lokun tanksins. Vökvaskekking á beisli gerir að verkum að betra er að komast að köntum. Sýningarsópnum fylgja allir aukahlutir þmt. barka til að soga upp lauf, auka 200 lítra vatnstankur, vökvahemla og losunarbúnað þar sem hægt er að losa óhreinindin í 1,56m hæð, t.d. í ruslagám. Afkastageta er um 13.800 fm/klst og vinnslubreidd 2 – 2,3m.

Frekari tækniupplýsingar á
http://www.aflvelar.is/voruflokkar/product/view/73/2.html

Og erlendu síðuna: http://pronar.pl/en/produkt/sweeper-pronar-zmc-2-0/

**Verð á sýningartæki, nýtt (árgerð 2014) 2.290.000,- + vsk.**

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is




Viktor Karl Ævarsson með nýjasta bílinn í flotanum frá Iveco. Það er Iveco Daily 4x4 fjölnotabíll. MYND/ANTON BRINK

# Iveco Daily 4x4 – vel útbúinn bíll

**Kraftvélar** flytja inn Iveco vöru- og sendibíla en Iveco hefur verið leiðandi á sviði nýsköpunar í hönnun og tækni. Nú geta Kraftvélar boðið enn eina nýjungina frá Iveco, en það er Iveco Daily 4x4 fjölnotabíll. Iveco vöru- og sendibílar hafa verið mjög vinsælir hér á landi.

Iveco vöru- og sendibílar hafa verið mjög eftirsóttir hér á landi og mikil aukning hefur verið í sölu þeirra. Iveco eru nútímalegir vinnubílar, búnir öllum helstu þægindum. Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla, segir að Iveco Daily 4x4 sé sá fyrsti sinnar kynslóðar sem kemur til landsins. „Bíllinn er smíðaður á grind sem býður upp á ýmsar útfærslur, til dæmis að setja hús á hann, pall eða annan búnað til notkunar við breytilegar þarfir viðskiptavina. Margs konar útgáfur eru í boði,“ segir Viktor og bætir við að þetta sé frábær fjölnotabíll. „Við erum búnir að selja nokkra svona bíla og þeir hjá Rarik verða fyrstir til að fá nýju bílana núna um mánaðamótin. Rarik munu svo sérútbúa bílana samkvæmt þeirra þörfum. Að auki er einn kynningarbíll staðsettur hjá okkur í Kópavogi.“

Viktor segir að Iveco Daily 4x4 sé fáanlegur í heildarþunga 3,5 tonn með einföldu húsi, það er fyrir tvo farþega auk ökumanns. Einnig fæst hann 5,5 tonn með bæði einföldu og tvöföldu húsi. Þá er hann fyrir sex farþega auk ökumanns. Burðargeta bílsins er um það bil 2,5 tonn. „Bíllinn er byggður á sjálfstæða öfluga burðargrind. Vélin er 170 hestöfl og 420 Nm tog, 6 gíra beinskipting með sídrifi sem er með læsingu og er þá með jafnt átak að framan og aftan, millikassi með háu og lágu drifi og auka skriðgír. Heilar öflugar drifhásingar að framan og aftan með fljótandi öxlum, 100% driflæsingum að framan og aftan sem er stjórnað af ökumanni, fjaðrir bæði að framan og aftan. Fáanlegt er aflúrtak á gírkassa og millikassa fyrir dælubúnað eða drifskaft. Hægt er að fá bílinn með föstum palli, sturtupalli, krana, spilbúnaði, kassa fyrir breytilegar þarfir, 38-50 tommu dekk og svo mætti lengi telja,“ útskýrir Viktor.



Iveco Daily 4x4 býður upp á marga möguleika. Hann hentar vel við íslenskar aðstæður.

> **Iveco Daily 4x4 er þægilegur í akstri og hannaður með vellíðan ökumanns í huga. Hann þolir mikið álag og hentar því við erfiðustu aðstæður. Það er hægt að treysta Iveco bílum á slæmum vegum.**
>
> *Viktor Karl Ævarsson*

Iveco Daily 4x4 er þægilegur í akstri og hannaður með vellíðan ökumanns í huga. Hann þolir mikið álag og hentar því við erfiðustu aðstæður. Það er hægt að treysta Iveco-bílum á slæmum vegum.

Kraftvélar eru til húsa að Dalvegi 6-8 í Kópavogi.

**Hægt er að kynna sér nánar vöruúrval á www.kraftvelar.is og fleiri myndir af Iveco Daily 4x4 eru aðgengilegar á Facebook, facebook.com/IvecoIceland**



Iveco Daily 4x4.



Nútímalegur vinnubíll, vel útbúinn.



Iveco Daily 4x4 upphækkaður.

# Þenur græjurnar í dráttarvélinni

**Kristján Finnsson,** bóndi á Grjóteyri í Mosfellsdal, keypti jörðina átján ára gamall og hóf búskap. Fyrstu vélarnar sem hann vann á voru dregnar af hestum en í dag þenur hann steríógræjurnar við vinnuna í sjálfskiptum traktor. Hann segir hugsjón að vera bóndi.

„Ætli ég hafi ekki farið að stýra vélum fyrir meira en sextíu árum, sem krakki. Í þá daga var fólk orðið fullorðið á fermingarárinu,“ segir Kristján Finnsson, bóndi á Grjóteyri í Mosfellsdal. „Fyrstu vélarnar sem ég vann á voru dregnar af hestum, rakstrarvél og heygrindur og síðan komu traktorarnir. Fyrst Allis Chalmers og svo Farmall Cub og síðar þessar nýrri vélar. Nú situr maður bara í sjálfskiptum, vökvaknúnum traktor, með loftkælingu og steríótækjum sem hægt er að hækka í,“ segir hann hress.

Hvað ertu að hlusta á við vinnuna? „Ég er hrifinn af íslenskri kóratónlist, ef hún er ekki of klassísk. Hef sjálfur sungið í kór frá 1961,“ segir Kristján. Sú loftkælda með steríógræjunum er þó ekki uppáhaldsvélin á bænum heldur gamall Massey Ferguson sem Kristján fékk norðan úr landi.

„Ég fékk hana frá ræktunarfélagi norður í Aðaldal og nota hana til að snúa heyinu. Hún var dottin úr notkun og mér fannst ég alveg stálheppinn að finna svona góða vél, fimmtíu ára gamla, með mörg hestöfl og sem smellpassaði í það sem ég þurfti.“

Kristján á nokkuð safn véla á ýmsum aldri, sem allar eru gangfærar. Hann segist ekkert vera að safna brotajárni í kringum sig og geymir allar vélar inni í vélaskemmu þegar þær eru ekki eru í notkun.



„Mér fannst ég alveg stálheppinn að finna svona góða vél, fimmtíu ára gamla, með mörg hestöfl og sem smellpassaði í það sem ég þurfti.“



**”Fyrstu vélarnar sem ég vann á voru dregnar af hestum, rakstrarvél og heygrindur og síðan komu traktorarnir. Fyrst Allis Chalmers og svo Farmall Cub og síðar þessar nýrri vélar. Nú situr maður bara í sjálfskiptum, vökvaknúnum traktor, með loftkælingu og steríótækjum.**

*Kristján Finnsson*

„Stærstu vélarnar sem ég er með hér eru rúllubindivélin og pökkunarvélin, þær eru inni enn þá og verða ekki teknar út fyrr en ég fer að heyja, í júní,“ segir Kristján. „Ég heyja nokkrar rúllur, eitthvað um þúsund kannski en ég heyja líka austur í Flóa fyrir dóttur mína. Þar er hún með hrossabú og ræktar hross af okkar stofni héðan frá Grjóteyri.“

Ertu með stórt bú? „Við vorum með á fimmta hundrað fjár hér á árum áður en nú erum við bara með nokkra tugi rolla og slatta af hrossum. Höfum það bara huggu legt. Við tökum á móti barnahópum hingað í heimsókn í sauðburðinn, um tuttugu daga á hverju vori, og höfum gert í fimmtíu ár. En við eigum hlut í kynbótahesti sem komst á pall í heimsmeistarakeppni í fyrra. Það er bara ágætis árangur finnst mér, þó ég segi sjálfur frá,“ segir Kristján. Hann segist ekki eiga von á að börn eða barnabörn hans taki við búskap á Grjóteyri.

„Nei, því reikna ég nú ekki með. Það er ekki tímavinnudjobb að vera bóndi, maður er bóndi af hugsjón. En þetta er alltaf jafn heillandi í mínum augum og hefur verið alveg frá því ég keypti þessa jörð, átján ára gamall.“ **- rat**

sbb
Sprautu & Bifreiðaverkstæði Borgarness
Vönduð og fagleg vinnubrögð og mikil reynsla í vinnu við vörubíla og rútur.
Þjónustum öll tryggingarfélög.
Sólbakki 5 | Borgarnesi | 437 1580 | sbb@simnet.is
FRAMRÚÐU-SKIPTI
Framrúðuskipti í vörubílum, hópferðabifreiðum og vinnuvélum.
BÍLAMÁLUN
Málun og rétting á bifreiðum af öllum stærðum og gerðum.



VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI
Sími 577-6670 og 555-6670
Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta
velras@velras.is • velras.is

WÜRTH

WÜRTH 70 QUALITY since 1945

HUNTER Engineering Company

## Hunter hjólastillitæki

Hjólastillitæki fyrir vörubíla og rútur frá Hunter, þráðlaust kerfi, tekur bíla og vagna með allt að 15 metra hjólhaf.
Dekkjastærð upp að 56" ( 1440 mm. )
4 eða 6 hausar
Ekki þörf á að lyfta öxlum í samhæfingu.



SEFAC

## Sefac stólpalyftur

- Fáanlegar 5,5t, 7,5t og 8,2 tonna
- 7.5t er með þráðlausum samskiptum milli pósta
- Íslenskur texti í skjá
- Dekkjastærð: 962 til 1154 mm
- Mesta hæð: 1820 mm
- Hraði upp óhlaðinn 1090 mm/mín
- Ryk og vatnsvarinn samkvæmt IP54
- Þyngd á stólpa 430 kg






ORSY mobil

Allt í röð og reglu, hægt er að sérsníða innréttingarnar eftir þörfum hvers og eins eða fá fyrirfram tilbúnar einingar.
Lausnir sem henta öllum iðnaðarmönnum.
Skúffur undir gólf, vinnuborð, útdraganlegt skrúfstykki, verðmætaskápar, samfellanalegar öryggiskeilur – hvað vantar þig?



## Würth á Íslandi ehf var stofnað árið 1988 og hefur nú þjónustað viðskiptavini sína í 28 ár.

Würth samsteypan samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum með ríflega 66 þúsund starfsmenn. Würth á Íslandi einbeitti sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðan við tré og málmiðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað. Fyrir 2 árum bættust við í vörulínu fyrirtækisins stærri tæki fyrir verkstæði.

**Lyftur, hjólastillitæki, dekkjavélar og margt fleira undir merkjum WWE.**

WWE (Würth Workshop Equipment) er samstarfsvettvangur Würth fyrirtækja sem annast sölu og þjónustu á stærri búnaði inn á verkstæði. Würth á Íslandi hefur markað sér þá stefnu að bjóða hágæðabúnað og þjónustu í þessum efnum til að tryggja rekstraröryggi viðskiptavina sinna.

**Würth á Íslandi ehf**

| Vesturhraun 5 | Bíldshöfði 16 | Tryggvabraut 24 |
|---|---|---|
| 210 Garðabæ | 112 Reykjavík | 600 Akureyri |
| S: 530-2000 | S: 530-2002 | S: 461-4800 |

# Smákranar auðvelda framkvæmdir

Verkefnastaðan er góð hjá **Smákrönum ehf.** sem hefur komið að flestum stórframkvæmdum á suðvesturhorninu undanfarin ár. Fyrirtækið leigir út smákrana sem nýttir eru í mjög fjölbreytt verkefni. Nýjasti kraninn er Unic 706 sem á eftir að koma að góðum notum víða.

Fyrirtækið Smákranar ehf. hefur komið að mörgum af stærstu framkvæmdum á suðvesturhorninu undanfarin tólf ár. Fyrirtækið er með umboð fyrir smákrana frá breska fyrirtækinu Unic og flutti inn fyrsta kranann árið 2004 að sögn Erlings Snæs Erlingssonar, framkvæmdastjóra þess. „Fyrsti kraninn var svokallaður köngulóakrani sem hægt var að stýra inn gegnum dyr enda ekki nema 60 cm á breidd. Tveimur árum síðar kom annar krani og sá þriðji bættist í hópinn árið 2007. Hægt og bítandi höfum við svo tekið inn nýja og stærri krana og í dag höfum við yfir að ráða fimm smákrönum og tveimur stærri bílkrönum með 25 og 45 tonna lyftigetu."

Fyrir nokkrum vikum kom svo nýjasti kraninn til landsins, Unic 706, sem er næststærsti smákraninn sem Unic framleiðir. Hann hífir 6 tonn í þriggja metra radíus, er með um 20 metra langa bómu en er ekki nema 1,67 metri á breidd. „Ég er lengi búinn að stefna að því að flytja hann til landsins en vildi ekki gera það fyrr en ég hafði alvöru verkefni til að nota hann í. Kraninn er þessar vikurnar í notkun í verksmiðju United Silicon sem er verið að reisa í Helguvík. Þar nýtist hann mjög vel þar sem búið er að loka húsinu og því talsvert mál að lyfta þungum tækjum og búnaði milli hæða, m.a. 2,5 tonna rafmagnsskápum og til að setja upp 20 tonna milligólf úr stálgrind." Seinna í sumar verður kraninn notaður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í verkefni hjá Ístaki þar sem hann verður m.a. notaður til að hífa 30-50 þungar steinsteyptar plötur sem notaðar eru í milligólf.




Eigendur Smákrana, hjónin Hildur Björg Ingibertsdóttir og Erlingur Snær Erlingsson, með nýjasta gripinn, Unic 706.





Unic 706 nýtist í ýmis verkefni í kísilveri United Silicon í Helguvík.

### Næg verkefni fram undan

Smákranarnir hafa marga góða kosti að sögn Erlings og verkefnin eru mjög fjölbreytt. „Við höfum híft gríðarlega mikið af gleri í gegnum tíðina, vel yfir 5.000 skífur. Einnig má segja að við höfum komið nálægt helstu stórframkvæmdum á suðvesturhorninu síðan 2005-2006. Þar má m.a. nefna ítrekaðar stækkanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nýbyggingar Háskólans í Reykjavík og Ölgerðarinnar og svo vorum við um tveggja ára skeið í Hörpu að hífa alls kyns hluti. Í vor höfum við svo helst verið í kísilveri United Silicon í Helguvík og við uppbygginguna á nýju hóteli Bláa lónsins. Við höfum því komið víða að undanfarin ár."

Erlingur og eiginkona hans, Hildur Björg Ingibertsdóttir, eiga fyrirtækið saman og hafa rekið það í tólf ár. „Starfsemin hefur vaxið hægt og bítandi undanfarin ár. Ég er tiltölulega bjartsýnn á framtíðina enda eru ýmsar stórar framkvæmdir fram undan þar sem kranarnir okkar koma að góðum notum. Þeir sem hafa með úrlausnir flókinna vandamála að gera hjá verktökum þekkja okkur og vita að við búum yfir tækjum, mannskap og reynslu til að leysa erfið verkefni."

**Nánari upplýsingar má finna á www.smakranar.is og á Facebook.**

# Hagkvæm og lipur tæki

**Knýr ehf.** selur aukahluti og vinnuvélar fyrir fjórhjól, snjósleða og torfærutæki. Fyrirtækið hóf starfsemi síðastliðið haust og hefur því verið vel tekið. Hugmyndin er að fólk geti unnið ákveðin verk án þess að leggja út í mikla fjárfestingu. Tækin bjóða upp á ýmsa möguleika.



Sigurður Bjarni Jónsson

„Þetta kom þannig til að fjölskylduna vantaði sláttuvél og fjórhjólakerru á sveitabæ fjölskyldunnar þar sem ekki er stundaður búskapur lengur. Við fórum á stúfana og enduðum á því að panta sláttuvél og kerru frá eistneskum framleiðanda sem heitir Iron Baltic og sérhæfir sig í framleiðslu á tækjum til jarðvinnu, landbúnaðar og snjómoksturs sem hægt er að festa við fjórhjól og önnur minni tæki. Við vorum stórkostlega ánægð með tækin og spurðum í kjölfarið hvort Iron Baltic hefði áhuga á að vera með umboðsmann á Íslandi. Því var vel tekið og þannig kom samstarfið til," segir eigandinn, Sigurður Bjarni Jónsson.

„Við byrjuðum í haust og vorum þá aðallega að einbeita okkur að tækjum eins og snjóblásurum og snjótönnum. Nú er fyrsta sumarið gengið í garð og þá færist áherslan yfir á sláttuvélar, kerrur, sópa og ýmis landbúnaðartæki eins og heyrúlluvagna svo dæmi séu nefnd."

Sigurður segir hugmyndina að baki fyrirtækinu vera að fólk geti unnið ákveðin verk án þess að leggja út í mikla fjárfestingu eins og kaup á dráttarvélum eða liðléttingum. „Það getur í staðinn skipt um aukahluti á fjórhjólinu eftir þörfum. Þá erum við með tæki þar sem mótorarnir geta gengið á milli en sami mótorinn gengur að sláttuvélinni og snjóblásaranum svo dæmi séu nefnd."

Sigurður segir vélarnar hafa ótvíræða kosti fram yfir liðléttinga og stærri tæki sem sinna að hluta til sömu verkum. „Þú kemst miklu hraðar yfir á fjórhjóli en á liðléttingi og þar að auki út um allt landslag. Liðléttingur er ekki eins lipur og er lengur á milli staða auk þess sem hann gerir ekki mikið annað, ólíkt fjórhjóli."

Sigurður telur góðan markað fyrir tækin og segir viðbrögðin hafi verið góð. „Við höfum aðallega auglýst í gegnum samfélagsmiðla og með því að halda heimasíðunni vel við. Við rekum þetta að mestu sem vefverslun en þar sem við seldum töluvert af snjótönnum í vetur komum við okkur upp smá lager af þeim. Auk þess höfum við byggt upp varahlutalager til að getað þjónustað vélarnar."

Sigurður segir tækin bjóða upp á ýmsa möguleika jafnt í landbúnaði, í sumarhúsabyggð og innan borgarmarkanna. „Ég veit að minnsta kosti um einn sem hefur skapað sér vinnu með því að kaupa snjótönn hjá okkur og ryðja götustíga og veit að fleira slíkt er í bígerð."



Hugmyndin er að fólk geti unnið ákveðin verk án þess að leggja út í mikla fjárfestingu.



Sami mótorinn gengur að sláttuvélinni og snjóblásaranum sem felur í sér umtalsvert hagræði.



Hægt er að nota tækin bæði í sveit og borg.



Sigurður segir vélarnar hafa ótvíræða kosti fram yfir liðléttinga og stærri tæki sem sinna að hluta til sömu verkum.








Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. hefur tekið við umboðinu fyrir Carnehl. Carnehl býður uppá mikið úrval af malarvögnum, vörubílspöllum og gámagrindum.

Carnehl býður uppá tveggja öxla malarvagna á tvöföldum dekkjum sem fáir framleiðendur bjóða í dag. Einnig eru Carnehl mjög sterkir í allri sérsmíði. Eigum til á lager 2ja öxla malarvagna.

CARNEHL
FAHRZEUGBAU




ISO 9001:2008

Vinnuvélar bjóða nú jarðvegsþjöppur og valtara frá Tékkneska framleiðandanum NTC. Hér er um að ræða vandaða og vel hannaða vinnuþjarka, knúna HATZ diesel- eða Honda GXR bensínmótorum. Eigum á lager ýmsar stærðir til afgreiðslu strax.

NTC

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 160514



Trojan
BATTERY COMPANY
MASTER DISTRIBUTOR

# TROJAN RAFGEYMAR

**fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar**

Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.



HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Söluver 515 1100 – pontun@olis.is

olís

---

FLOTAÞJÓNUSTA

## Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki



RATIO

Fiskislóð 73 · 101 Reykjavík · Sími 511 6600 · ratio@ratio.is · www.ratio.is

---

## Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT








*Eini framleiðandinn á íslenskum markaði sem hefur leyfi til þess að merkja framleisðlu sína með gæða stimplinum „HARDOX IN MY BODY“.*

HARDOX® IN MY BODY

# Skoflur.is

*látum verkin tala.*

Íslensk framleiðsla í 33 ár = þekking og reynsla

Smíðum á allar stærðri véla og gerum upp eldri stykki
















# Margir yfir fimmtugt í meiraprófi

Aukin eftirspurn er eftir að komast í rútupróf. Aldur þeirra sem sækja námskeiðið hefur sömuleiðis hækkað. Ástæðu þess má rekja til fjölgunar hópferðabíla og stóraukins straums erlendra ferðamanna til landsins. Sumir sem sækja námið eru komnir á sjötugsaldur.

Svavar Svavarsson, ökukennari hjá Nýja ökuskólanum, segir að mikil aukning hafi orðið á síðastliðnum tveimur árum. „Það er mikil aukning í farþegaflutningum. Ætli sé ekki á milli 30-40 prósenta aukning á síðustu tveimur árum. Það eru nokkrir flokkar í meiraprófinu og það er langmest aukning í rútuprófið. Menn geta farið beint í farþegaflutninga en þá eru tólf verklegir tímar á rútu og síðan próf auk hundrað bóklegra tíma. Aldurstakmark er 23 ára fyrir stórar rútur,“ útskýrir Svavar. „Meiri hlutinn eru karlar en konum hefur fjölgað mikið undanfarið. Það kostar 330 þúsund að taka rútupróf en það er ekkert starfsnám ódýrara en meirapróf og vinnuvélaréttindi. Á örfáum vikum nærðu prófi sem gefur þér starf alla ævina,“ segir Svavar.

Fólk á öllum aldri kemur í meiraprófið en Svavar segir að það sé óvenju mikið um að karlar og konur yfir fimmtugu komi í námið. „Svo er líka fullt af fólki sem er komið á sjötugsaldur. Það skiptir miklu máli fyrir eldra fólk að það hafi áður keyrt stóra bíla, til dæmis vörubíla. Rúturnar eru orðnar mjög stórar og það er framandi að setjast undir stýri á þannig bíl. Þetta eru dýr tæki og farmurinn er ansi dýrmætur, allt upp í sjötíu farþegar. Það er mikill skortur á bílstjórum í landinu, sérstaklega á álagstímum eins og yfir sumarið.“



Svavar Svavarsson hefur kennt til meiraprófs í tuttugu ár og hefur séð mikla aukningu undanfarið. MYND/STEFÁN

**„Það kostar 330 þúsund að taka rútupróf en það er ekkert starfsnám ódýrara en meirapróf og vinnuvélaréttindi. Á örfáum vikum nærðu prófi sem gefur starf alla ævi.**

Svavar segir að fólk þurfi að sýna fyrirhyggju vilji það vera komið með meiraprófið fyrir sumarið. „Við erum með tíu námskeið á ári en það næsta verður eftir verslunarmannahelgi. Síðasta námskeiðinu fyrir sumarið er að ljúka núna. Rúturnar hafa verið að breytast mikið undanfarin ár. Þetta eru þýðir bílar og lúxus að sitja í þeim. Það er mjög gott að keyra nýjustu rúturnar en vandamálið er þröngir vegir á Íslandi. Það er vindasamt hér á landi og rokið er varasamt fyrir stór tæki. Það er ekki auðvelt að vera rútubílstjóri. Aðstaða fyrir rútur á ferðamannastöðum er lítil, alls staðar þrengsli, erfiðar beygjur og slæmt að mæta öðrum rútum á þessum þröngu vegum,“ segir Svavar og bendir á að ferðamannatímabilið sé alltaf að lengjast. „Það byrjar fyrr og endar seinna.“ **elin@365.is**

GENIE
A TEREX BRAND
CELEBRATING FIFTY YEARS BUILDING THE FUTURE TOGETHER 50

Óskum eftirfarandi aðilum
til hamingju með nýju vélarnar sínar



**Trésmiðjan Rein ehf.**
Til hamingju með nýju vélina
Genie S65 S45



**Armar ehf.**
Til hamingju með nýju vélina
SX-150 48 m vinnuhæð
stærsta vinnulyfta á landinu



**Ístak hf.**
Til hamingju með Genie GS
5390 GS 3369RT



**Afltak ehf.**
Til hamingju með nýju vélina
Genie S 45



**MM Flutningar
og Kranar ehf.**
Til hamingju með nýju vélina
Genie S 45

Heimir og Lárus sf

564 1888

VINNUVÉLAUMBOÐ OG VARAHLUTIR

**Miðhraun 22b | 210 Garðabær**
**Fax 554 3312 | heilar@heilar.is**




Alhliða vinnufatnaður
Endurskinsfatnaður
Eldvarnarfatnaður

Öryggisgleraugu
Öryggishjálmar
Öryggisskór

Stígvél og undirfatnaður
Kulda- og regnfatnaður
Vinnuvettlingar

*Skoðaðu úrvalið hjá okkur á www.khvinnufot.is - Tunguháls 10 N.H. - 577 1000*

# Vinnuslysum fjölgar stöðugt

Síðasta ár var mesta vinnuslysaár sögunnar hér á landi. Öryggi á vinnustöðum skiptir miklu máli og því er átak nauðsynlegt til að snúa þróuninni við. Vinnueftirlitið heldur námskeið er snúa að öryggi á vinnustöðum og hafa þau verið afar vel sótt undanfarna mánuði.

Öryggi á vinnustöðum skiptir miklu máli fyrir öll fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Á vinnustöðum þar sem vinnuvélar eru notaðar skipta öryggismálin enn meira máli og því afar nauðsynlegt að þeir sem stýra þeim sæki viðeigandi námskeið hjá Vinnueftirlitinu [GIK1] eða ökuskólum sem bjóða upp á þau.

Meðal þeirra námskeiða sem Vinnueftirlitið býður upp á eru Frumnámskeið og Byggingakrananámskeið en þau hafa bæði verið vel sótt síðustu misseri að sögn þeirra Magnúsar Guðmundssonar, deildarstjóra vinnuvéladeildar, og Guðmundar Kjerúlf, aðstoðardeildarstjóra fræðsludeildar hjá Vinnueftirlitinu.

Frumnámskeið er námskeið fyrir minni vinnuvélar að sögn Magnúsar og veitir bókleg réttindi fyrir lyftara með 10 tonna lyftigetu og minni (J flokkur), dráttarvélar með tækjabúnaði og minni gerðir jarðvinnuvéla (4t og undir – I flokkur), körfukrana og steypudælur (D flokkur), valtara (L flokkur), útlagningarvélar fyrir bundið slitlag (M flokkur) og hleðslukrana á ökutækjum með allt að 18 tn. lyftigetu (P flokkur). „Við höldum þetta námskeið mánaðarlega yfir árið en á vorin höldum við þó aukanámskeið fyrir sumarvertíðina en þá mætir mikið af sumarstarfsfólki og afleysingafólki.“



Magnús Guðmundsson og Guðmundur Kjerúlf frá Vinnueftirlitinu. MYND/STEFÁN

Námskeiðið er eingöngu bóklegt að sögn Guðmundar en því lýkur með prófi eftir þriggja daga kennslu. „Síðan fer öll verkleg þjálfun fram á vinnustöðvum undir leiðsögn leiðbeinanda frá atvinnurekanda. Yfirleitt er um að ræða 16 tíma verklega þjálfun og að henni lokinni er kallaður til prófdómari frá okkur fyrir verklega prófið.“

Námskeiðin fara að öllu jöfnu fram á íslensku en Vinnueftirlitið hefur líka haldið þau á pólsku, víetnömsku, portúgölsku og ensku. Nokkrir ökuskólar halda auk þess Grunnnámskeið sem ná yfir allar réttindaskyldar vinnuvélar, en þau taka [GIK2] [SFJ3] mun lengri tíma eða 80 klukkustundir.

## Breytinga þörf

Aðsókn á byggingakrananámskeið Vinnueftirlitsins fylgir mikið sveiflum í byggingariðnaði. Þannig voru t.d. mörg námskeið haldin árin 2005-2007 en ekkert árið 2009. „Við höldum þetta námskeið í samræmi við eftirspurn hverju sinni en áhugasamir geta skráð sig á biðlista hjá skiptiborði okkar. Námskeiðið veitir bókleg réttindi fyrir byggingakrana (AB) og hafnarkrana >18 tn.,“ segir Guðmundur.

Námskeiðið tekur 26 klukkustundir og lýkur með krossaprófi. „Ef nemandinn stenst prófið getur hann hafið verklega þjálfun hjá atvinnurekanda í stjórn og meðferð byggingakrana. Sú þjálfun skal fara fram undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur réttindi til kennslu á byggingakrana og þar sem ekki er margt fólk eða slysahætta til staðar. Að verklegri þjálfun lokinni tekur starfsmaður verklegt próf undir leiðsögn prófdómara frá okkur,“ bætir Magnús við.

Þrátt fyrir aukna fræðslu og reglulegt námskeiðahald hefur vinnuslysum [GIK5] því miður ekki fækkað hér á landi heldur þvert á móti. „Vinnuslysum fækkaði þegar byggingariðnaðurinn nánast hrundi árin 2009-2010. Frá 2010 hefur svo vinnuslysum fjölgað jafnt og þétt og árið 2015 var mesta vinnuslysaár sögunnar hér á landi. Það er ekkert sem bendir til þess að þetta ár verði betra og því mikilvægt að fyrirtæki, starfsmenn og opinberir aðilar taki höndum saman og reyni að snúa þessari þróun við.“ starri@365.is



# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali




## Öryggisvörur

uvex • MILLER • OTTER • TOE GUARD • Timberland PRO • Honeywell • SOLID GEAR

Vinnuskór • Heyrnahlífar • Öndunargrímur
Vinnuvettlingar • Eyrnatappar • Gleraugu
Hjálmar • Fallvarnarbúnaður

## Tæki og múrfestingar

HILTI

Lasermælar • Höggborvélar • Skurðar-/Slípivélar
Demantsbor-/skurðarvélar • Batterísvélar
Skot-/Gasbyssur • Brunaþéttiefni
Skrúfvélar • Múrfestingar • Byggingafrauð

**HAGI ehf** • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S: 414-3700 • hagi@hagi.is



## Egg og beikon á langferðum

Fyrsta máltíð dagsins þarf oft að duga þeim sem eru á langferðum eitthvað fram eftir degi. Egg og beikon, með lúku af grænfóðri og osti er tilvalin samsetning til að byrja daginn á og eins til að hafa með sér í nesti. Ef taka á egg og beikon í nestisboxið er best að baka það í muffinsformi í ofni. Þannig múffur bragðast alveg jafn vel kaldar og vel hægt að græja þær kvöldið áður og jafnvel eiga í frystinum.

**Morgunmúffur með eggjum og beikoni**

6 egg
1/4 bolli mjólk
1/4 tsk. salt
2 bollar rifinn cheddar-ostur
3/4 bollar spínat, soðið og látið renna af
6 beikonsneiðar, skornar smátt og steiktar
1/2 bolli rifinn parmesan-ostur

Hitið ofninn í 190 gráður. Smyrjið stálform fyrir muffins með olíu. Pískið eggin saman í stórri skál, bætið mjólk, salti og cheddar-osti saman við. Bætið loks spínatinu og beikoninu út í eggjahræruna og hrærið. Hellið blöndunni eða ausið henni í muffinsformið og fyllið að þremur fjórðu. Stráið rifnum parmesanosti yfir og skellið í heitan ofninn. Bakið í 25 mínútur. Látið kólna í 30 mínútur áður en múffunum er hvolft úr forminu.
**juliasalbum.com**



Eftir langan akstur er hreyfing góð.

## Hreyfing borgar sig

Vörubílstjórar og ökumenn vinnuvéla sitja oft löngum stundum undir stýri við vinnu sína þótt sumir þeirra vinni einnig líkamlega erfiða vinnu meðfram stjórnun ökutækisins. Því er mikilvægt að brjóta daginn upp með reglulegri hreyfingu í samræmi við þá hreyfingu sem stunduð er í vinnunni og utan hennar.

Mælt er með því að standa upp og hreyfa sig á 40-60 mínútna fresti þótt auðvitað séu ekki alltaf aðstæður til þess á vinnustöðum og þjóðvegum landsins.

Þannig má t.d. nýta hlé sem myndast í lengri göngutúra og frekari æfingar við hæfi. Hægt er að ganga á staðnum, meðfram vinnutækinu, í kringum það eða lengra, allt eftir aðstæðum. Það er líka gott að sveifla örmunum til að örva blóðflæði um axlirnar og efri útlimi.

Utan vinnutímans er síðan hægt að fara í lengri gönguferðir, hjólatúra, synda og stunda frekari þjálfun í samræmi við getu og áhuga hvers og eins. Aðalatriðið er að forðast að sitja kyrr tímunum saman og taka meðvitaða ákvörðun um að stíga reglulega út úr bílnum og hreyfa sig.

## HÆTTULEGT STARF

Þeir sem eru að hugsa um að gera trukkaakstur að ævistarfi sínu ættu að athuga það fyrst að starfið er í tíunda sæti á lista yfir þau tíu störf sem flestir láta lífið við. Listann má finna á vefsíðunni listverse.com og er hann byggður á bandarískum tölum svo ef til vill er starfið ekki jafn hættulegt hér á landi. Þar segir að vörubílstjórar séu tólf prósent þeirra sem deyja í vinnuslysum á ári eða 905 að meðaltali.

Ástæðan er talin vera að miklu leyti sú að bílstjórar minni ökutækja verða óöruggir nærri stóru vörubílunum og keyra því ógætilegar sem leiðir svo til þess að vörubílstjórarnir þurfa að sveigja undan. Sjötíu prósent allra banaslysa vörubílstjóra verða við þessar aðstæður.



**Það getur verið hættulegt að vera bandarískur vörubílstjóri.** NORDICPHOTOS/GETTY



## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



**FRÁBÆRT VERÐ !**
Nýr bíll, Toyota Yaris Terra 02/2016 ek 0 álf, sumar, vetrardekk Okkar verð 2.290 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai Tucson Style - Nýr bíll Árgerð 2016. Sjálfsk. Dísel. Vel útbúinn bíll. Er á staðnum. Verð aðeins 5.890.000kr. Raðnr 135463. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

100bilar.is bílasala



Skoda octavia, 6/2006, ek 229 þús km, dísel 105 hö, sjsk, sumar og vetrardekk, ný tímareim í 149 þús km, ásett verð 890 þús.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**
Hyundai Getz 1.1 3dyra árg '06, bsk, ek. 149þkm. Nýskoðaður, ný heilsársdekk omfl. Verð aðeins 490.000stgr Möguleiki á 100% Visa/euro kortaláni til 36mánaða greiðslubyrði yrði upb 21.000kr á mánuði. Uppl. í s. 861 6448



BMW 520d. árg. 11/2011. ek. 115 þús. sjálfsk. Hlaðinn aukabúnaði tilboðsverð 4,5 mkr. s: 773-4057



Citroen C4 árg.2006 ek. 122.000 km. Snyrtilegur bíll, gott viðhald. verð kr 590.000.- Uppl. í s. 664 5884

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS!**
Peugeot 307sw árg 2004 ek.155 þús búið að skipta um tímareim, ný skoðaður 17, beinskiptur eyðir litlu, ásett verð 590 þús TILBOÐ 390 þús möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ 690 ÞÚS**
VW POLO 2005 (nýrra útlitið) ek.127 þús, tímakeðja, ný skoðaður 17, góður bíll ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955



# Bátur til sölu

Glænýr **Blue Spirit** gúmmíbátur, aldrei snert saltan sjó. Bátur með harðri skel. Ekki hægt að velta honum.

- 4,3 m. langur
- 25 hestafla nýr Mercury mótor

**Nánar í síma 893 0170**


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

S A F T


# BÍLABORG.is

**Stórhöfði 26**
**við Gullinbrú**
**Sími: 517 1111**



**LAND ROVER Discovery 4 se diesel**. Árgerð 2013, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **TILBOÐ kr. 9.900.000.** Rnr.151369.



**AUDI Q5 Quattro DIESEL 170 hö**. Árgerð 2012, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **TILBOÐS verð 5.890.000.** Rnr.134178.



**M.BENZ C 200 avantgarde 6 gíra** . Árgerð 2014, ekinn 7 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 5.690.000.** Rnr.151138.



**HOBBY 540 ufe premium**. Árgerð 2013 . Velbúið glæsilegt hjólhýsi **Verð 4.890.000**. Er á staðnum.Rnr.128336.



**HYUNDAI Tucson classic diesel nýr bíll**. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 gírar Framdrifinn.**Verð 4.590.000.** Rnr.134186.



**HYUNDAI I30 classic diesel nýr bíll**. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.290.000.** Rnr.134198.



**HYUNDAI I10 classic nýr bíll** . Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.790.000.** Rnr.134161.



**KAWASAKI VN 800**. Árgerð 2006, ekið aðeins 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.fullt af aukahlutum **Tilbð kr. 790.000.** Rnr.128290.



**HONDA Vt 750 c**. Árgerð 2007, ekinn 8 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 690.000.Stgr.** Rnr.128492.



**HYUNDAI Santa fe metan**. Árgerð 2013, ekinn 79 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.890.000.** Rnr.128410.



**FIAT 500 C Blæjubíll**. Árgerð 2015, ekinn 9 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Tilboðs verð 2.790.000.STGR.** nr.151068.



**TOYOTA Yaris hybrid 1500**. Árgerð 2016, ekinn 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.790.000.** Rnr.134145.



**M.BENZ E 320 4-matic** . Árgerð 2000, ekinn aðeins 131 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 999.000.-** Rnr.151333.



**M.BENZ E 200 bensín/metan**. Árgerð 2009, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Staðgreitt kr. 3.290.000.** Rnr.134135.



**LINCOLN Navigator 7**.manna. 4wd. Árgerð 2007, ekinn 191 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Tilboð kr 2.690.000.** Rnr.128405.



**RANGE ROVER SPORT HSE V8 4.4**. Árgerð 2006, ekinn 124 Þ.KM, sjálfskiptur. **TILBOÐVERÐ STGR: 2.990.000.** Rnr.151076.



**AUDI A6 2,0 t**. Árgerð 2006, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Vel með farin bíll. **Verð 1.690.000.** Rnr.151190.



**TOYOTA Corolla 1,6 vvti**. Árgerð 2007, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.190.000.** Rnr.128648.

Bílafjármögnun Landsbankans

**www.bilaborg.is**

Bílafjármögnun Landsbankans

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
**VERÐ FRÁ 129.800,-**
**EL - BIKE.IS**
**Bindir & stál ehf.**
**Hvaleyrarbraut 39**
**220 Hafnarf. S. 864 9265**

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Fellihýsi




## Bátar



Til sölu trilla YANNAR dísel. Bátrinn hefur aldrei verið notaður. Svefnbekkir fyrir tvo, eldunaraðstaða. Klósett (snyrting). Báturinn er ekki skráningarskyldur. Tilboð 3.9 milj. S: 774-2501







# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Þakmálun**
